Þetta gerðist:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð bæjarráðs frá 20. nóv. lögð fram. Samþ. með shlj. atkv. að taka á dagskrá jafnframt fundargerðinni, skipun lögregluþjóna skv. tillögu lögreglustjóra í bréfi 21. júlí s.l.
Tillagan í 6. lið samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að fresta 10. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
Tillaga í 13. lið fundargerðar bæjarráðs frá 24. júlí s.l. (skipun lögregluþjóna) var samþ. með shlj. atkv.
- III. Fundargerð bæjarráðs frá 27. nóv. lögð fram.

Bæjarráðsmenn báru fram svohljóðandi tillögu:

Jafnframt því sem bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að halda fast við kaup sín á Korpúlfsstaðatorfunni, ályktar hún að fela borgarstjóra og bæjarráði að gera ráðstafanir til þess, að Reykjavíkurbær fái eignarnámsheimild á Grafarholti ásamt lóðum þeim og löndum, sem úr því hefir

verið skipt, svo og að framangreindar jarðeignir, ásamt Gufunesi og Keldum í Mosfellshreppi og a.m.k. Hólmi og Elliðavatni í Seltjarnarneshreppi, verði lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Haraldur Guðmundsson og Björn Bjarnason báru fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra, í samráði við bæjarráð, að semja og leggja fyrir Alþingi það sem nú situr, frumvarp til laga um heimild fyrir bæjarstjórn til að ráðstafa öllu ónotuðu og lítt notuðu húsnæði í bænum og ákveða hámarksstærð íbúðameðan skortur er á húsnæði fyrir bæjarbúa.

Katrín Pálsdóttir fór af fundinum kl. 5 1/2, en Sigurður Guðnason kom í hennar stað.

Tillaga bæjarráðsmanna í sambandi við 3. lið var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Tillögu Björns Bjarnasonar og Haralds Guðmundssonar var vísað til bæjarráðs með 8:6 atkv.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 30. nóv. lögð fram.

7. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 28. nóv. lögð fram.

VI. Fundargerð skólanevfundanna frá 27. nóv. lögð fram.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 19. nóv. lögð fram.

3. des. 1942.

- 3 -

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

3. des. 1942.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.15.

Guðm. Ásbjörnsson

Gunnar Þorsteinsson,	Gísli Guðnason,
Guðm. Ágústsson,	H. Guðmundsson,
Guðrún Guðlaugsdóttir,	Guðrún Jónasson,
Sigfús Sigurhjartarson,	Árni Jónsson,
Stp. Guðmundsson,	Sigurður Guðnason,
Sig. Ólafsson,	Björn Bjarnason.

Ár 1942, fimmtudaginn 17. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Guðnason, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Sigurður Ólafsson, Steinþór Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir og Gunnar Thoroddsen.

Þetta gerðist:

- I. Brunabótavirðingar.- Samp. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Brunabótavirðingargjörðir, 80 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 16. des., voru samp. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. des. lögð fram og samp. með shlj. atkv.
- III. Fundargerð bæjarráðs frá 4. des. lögð fram og samp. með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð bæjarráðs frá 11. des. lögð fram. Þessar tillögur komu fram:

Frá borgarstjóra: (breytingartillaga við 12. lið).

Bæjarstjórn ályktar að banna með öllu að hita hús með rafmagni á tímabilinu kl. 10.45 - 12 á hádegi daglega, og felur Rafmagnsveitunni að fylgja banninu eftir með aðstoð lögregluunnar, skv. fyrirmælum reglugerðar Rafmagnsveitunnar.

Frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins:

Með því að líta verður svo á, að bæjarstjórn beri siðferðileg skylda til að aðstoða af fremsta megni húsnæðislaust fólk í bænnum við útvegum húsnæðis, þá skorar bæjarstjórn á ríkisstjórn og Alþingi að veita henni vald til að ráðstafa ónotuðu og lítt notuðu húsnæði, sem hæft er eða gera má hæft til íbúðar. Þar sem telja má, að húsnæðisvandráðin stafi sumpart af orsökum, sem ekki hefir verið á valdi bæjarstjórnar að stemma stigu við, skorar bæjarstjórn á Alþingi að veita fé til að standast helming kostnaðar við þessar ráðstafanir.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni, breytingartillaga við tillögu bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins:

Á eftir orðunum: til íbúðar, komi: svo og til að skamta húsnæði.

Breytingartillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

Tillagan í 14. lið samþ. með shlj. atkv.

Tillaga bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins, með breytingu

Sigfúsar Sigurhjartarsonar, felld með 7:7 atkv.

Tillagan í 19. lið samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð sameiginlegs fundar skólanefndanna frá 10. des.

lögð fram.

VI. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27. nóv. lögð fram.

VII. Tillögur um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.- 2. umr.

Tillaga um að fresta málinu samþ. með shlj. atkv.

VIII. Tillögur um takmörkun umferðar á götum bæjarins.- 2. umr.

I. liður tillagnanna samþ. með shlj. atkv.

II. - IV. lið frestað.

IX. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurkaupstaðar árið 1941.

Reikningur bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur vatns- og hitaveitu árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Sundhallar Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Gasstöðvar Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Sogsvirkjunarinnar árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Skipulagssjóðs Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Eftirlaunasjóðs Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Sjúkrasjóðs Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Barnahælissjóðs Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Barnahælissjóðs Thorvaldsens-félagsins árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Blómsveigarsjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Gamalmennahælissjóðs Reykjavíkur árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur sjóðsins Hallveig árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gjafasjóðs Sighvats Bjamasonar frá 1890 árið 1941 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gjafasjóðs Sighvats Bjarnasonar frá 1929 árið 1941
samb. með shlj. atkv.

Reikningur sjóðs Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur árið 1941
samb. með shlj. atkv.

Reikningur verðlaunasjóðs H. Th. A. Tomsen árið 1941. samb. með
shlj. atkv.

Reikningur Minningarsjóðs Ingibjargar Hansen árið 1941 samb.
með shlj. atkv.

Reikningur Afmælissjóðs Reykjavíkurkaupstaðar 18. ág. 1936,
árið 1941, samb. með shlj. atkv.

X. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurhafnar árið 1941.

Reikningur Hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1941 samb. með shlj.
atkv.

Reikningur Reykjavíkurhafnar árið 1941 samb. með shlj. atkv.

XI. Ráðning forstöðumanns Bæjarbókasafnsins.

Kosningu hlaut:

Snorri Hjartarson bókavörður með 12 atkv.

XII. Fundargerð framfærslunefndar frá 10. des. lögð fram.

13. liður samb. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.12.

Guðm. Ásbjörnsson

Árni Jónsson,
Guðrún Jónasson,
Gunnar Þorsteinsson,
Katrín Pálsdóttir,
Sigurður Guðnason,
Sigfús Sigurhjartarson,

Gunnar Thoroddsen,
Helgi H. Eiríksson,
Sig. Ólafsson,
Jakob Möller,
Stþ. Guðmundsson,
Jón Axel Pétursson.

Ár 1943, þriðjudaginn 19. janúar, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnar Þorsteinsson, Guðrún Guðlaugsdóttir, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Sigurður Sigurðsson, Ársæll Sigurðsson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jakob Möller, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir, Björn Bjarnason og Einar Erlendsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.

Brunabótavirðingargjörðir, 88 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með tveim bréfum tryggingerfélagsins, dags. 4. jan., voru samb. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. jan. lögð fram og samb. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 18. des. lögð fram og samb. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 8. jan. lögð fram. Árni Jónsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að athuga byggingarmál Reykjavíkur og gera tillögur um framtíðarskipun þeirra, með sérstöku tilliti til:

1. Lækkaðs byggingakostnaðar.
2. Betri hagnýtingu byggingalóða.
3. Fegrunar bæjarins.

18. liður samb. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild sámp. með shlj. atkv.

Tillaga Árna Jónssonar sámp. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 11. janúar lögð fram.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 15. janúar lögð fram.

Fellt að veita meðmæli þau, er um ræðir í 14. lið.

Fundargerðin í heild sámp. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð brunamálanefndar frá 22. des. lögð fram og sámp. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fræðsluráðs frá 22. des. lögð fram.

Steinþór Guðmundsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir, að ráðinn verði sérstakur

fræðslumálafulltrúi fyrir Reykjavíkurbæ, ef samkomulag næst við fræðslumálastjóra um starfssvið hans og við kennslumálaráðuneytið um þátttöku ríkisins í greiðslu launa hans. Meðan ekki er sett löggjöf um embætti þetta, skal fræðslumálafulltrúinn ráðinn á sama hátt og yfirkennarar barnaskólanna og njóta sömu launakjara og þeir.

Tillögu þessari var vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

Fundargerðin sámp. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð hafnarstjórnar frá 15. janúar lögð fram.

X. Frumvarp að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1943, - 1. umræða.

Forseti tilkynti að breytingartillögur við frumvarpið skyldu vera komnar til borgarstjóra fyrir hádegi þann 30. þ.m.

Árni Jónsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Þar sem árleg fjárvelta Reykjavíkurkaupstaðar og fyrir-

tækja hans nemur nú orðið árlega tugum milljóna króna og

reksturinn gerist auk þess fjölbreytilegri og vandasamari með hverju ári, telur bæjarstjórn nauðsyn til bera að endurskoða nú þegar skipun æðstu stjórnar bæjarins með sérstöku tilliti til þess, að tryggt verði:

1. Að borgarstjóri verði fulltrúi almennings í bænnum fremur en sérstakra flokka eða stétta.
2. Að borgarstjóri gefi sig óskiptan að málefnum bæjarins. Fyrir því ályktar bæjarstjórn að kjósa 5 manna nefnd til að endurskoða löggjöf þá, er þetta varðar, og ljúki nefndin störfum svo snemma, að málið verði undirbúið til afgreiðslu á næsta reglulegu Alþingi.

Málinu vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

XI. Frumvarp að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurhafnar árið 1943, - 1. umræða.

Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

XII. Fundargerð framfærslunefndar frá 17. des. lögð fram.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 7. janúar lögð fram.

XIV. Útsvarsmál:

.....

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

Guðm. Ásbjörnsson,

Gunnar Þorsteinsson,	Guðrún Jónasson,
Árni Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Einar Erlendsson,	Guðrún Guðlaugsdóttir,
Á. Sigurðsson,	Jón Axel Pétursson,
Stj. Guðmundsson,	Soffía Ingvarsdóttir,

Björn Bjarnason.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

4. febrúar 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 4. febr. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þó komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Guðrún Guðlaugsdóttir, Gunnar Þorsteinsson, Gísli Guðnason, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Soffía Ingvarsdóttir, Sigurður Ólafsson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Kosning forseta.

Kosningu hlaut:

Guðmundur Ásbjörnsson með 7 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Fyrri varaforseti var kosinn Jakob Möller með 7 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn Valtýr Stefánsson með 7 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

II. Kosning tveggja skrifara og tveggja til vara.

Skrifarar kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Helgi H. Eiríksson

Björn Bjarnason.

Varaskrifarar, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Þorsteinsson,

Steinþór Guðmundsson.

III. Kosning fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð og fimm til vara.

Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Ásbjörnsson

Jakob Möller

Helgi H. Eiríksson,
Sigfús Sigurhjártarson,
Jón Axel Pétursson.

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Valtýr Stefánsson,
Gunnar Thoroddsen,
Guðrún Jónasson,
Björn Bjarnason,
Haraldur Guðmundsson.

IV. Kosning fimm manna í framfærslunefnd og fimm til vara.

Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Ásbjörnsson,
Guðrún Jónasson,
Gísli Guðnason,
Katrín Pálsdóttir,
Arngrímur Kristjánsson.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Bjarni Benediktsson,
María Maack,
Stefán A. Pálsson,
Zophónías Jónsson,
Soffía Ingvarsdóttir.

V. Kosning fimm bæjarfulltrúa í brunamálanefnd.

Kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Guðrún Jónasson,
Helgi H. Eiríksson,
Gunnar Thoroddsen,

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

4. febrúar 1943.

Steinþór Guðmundsson,

Jón Axel Pétursson.

VI. a. Kosning tveggja bæjarfulltrúa í byggingarnefnd.

Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Ásbjörnsson,

Björn Bjarnason.

b. Kosning tveggja manna utan bæjarstjórnar í byggingarnefnd.

Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Hörður Bjarnason,

Ársæll Sigurðsson.

VII. a. Kosning þriggja bæjarfulltrúa í hafnarstjórn og þriggja bæjarfulltrúa til vara.

Við kosningu aðalmanna bárust forseta tveir listar, er forseti merkti B og C.- Á B-lista voru Björn Bjarnason og Jón Axel Pétursson og á C-lista Valtýr Stefánsson og Gunnar Þorsteinsson. B-listi fékk 7 atkv., C-listi 7 atkv. en 1 seðill var auður. Hlutu þannig kosningu:

Valtýr Stefánsson af C-lista

Björn Bjarnason af B-lista

Gunnar Þorsteinsson af C-lista

með hlutkesti milli hans og Jóns Axels Péturssonar.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Thoroddsen,

Helgi H. Eiríksson,

Steinþór Guðmundsson.

- b. Kosning tveggja manna utan bæjarstjórnar í hafnarstjórn,
og tveggja til vara.

Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Sigurðsson,

Sigurður Ólafsson

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Hafsteinn Bergþórsson,

Sigurjón Á. Ólafsson.

- VIII. Kosning þriggja manna í heilbrigðisnefnd.

- a. bæjarráðsmanns,

kosningu hlaut:

Guðmundur Ásbjörnsson

með 7 atkv. en 8 seðlar voru auðir.

- b. verkfræðings í þjónustu bæjarins,

kosningu hlaut:

Valgeir Björnsson

með 6 atkv. en 9 seðlar voru auðir.

- c. óbundin kosning á einum manni,

kosningu hlaut:

Guðrún Jónasson

með 7 atkv. en 8 seðlar voru auðir.

- IX. Kosning eins bæjarfulltrúa í Sóttvarnanefnd,

kosningu hlaut:

Guðrún Jónasson

með 7 atkv. en 3 seðlar voru auðir.

- X. Kosning eins manns til að semja verðlagsskrá,

kosningu hlaut:

Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustj.

með 7 atkv. en 8 seðlar voru auðir.

XI. Kosning þriggja bæjarfulltrúa í stjórn Eftirlaunasjóðs.

kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Thoroddsen,

Helgi H. Eiríksson,

Steinþór Guðmundsson.

XII. Kosning eins bæjarfulltrúa í stjórn Íþróttavallarins,

kosningu hlaut:

Gunnar Thoroddsen

með 6 atkv., Gunnar Benediktsson fékk 1 atkv., en 8

seðlar voru auðir.

XIII. Kosning eins manns í stjórn Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings.

Kosningu hlaut:

Guðmundur Ásbjörnsson

með 7 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

XIV. Kosning tveggja endurskoðenda bæjarreikninganna og tveggja til vara.

Forseta bárust 2 listar, er hann merkti B og C.- Á

B-lista var Hæukur Björnsson og á C-lista Ari Thorlacius og

Ólafur Friðriksson.-- B-listi fékk 4 atkv. en C-listi 11

atkv. Hlutu þannig kosningu:

Ari Thorlacius,

Ólafur Friðriksson.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Björn Steffensen,

Jón Brynjólfsson.

XV. Kosning eins endurskoðanda Styrktarsjóðs sjómanna- og verkamannafélaganna í Reykjavík.

Kosningu hlaut:

Einar Magnússon

með 8 atkv., Alfræð Guðmundsson fékk 6 atkv. og Gunnar Benediktsson 1 atkv.

XVI. Kosning eins endurskoðanda reikninga Íþróttavallarins.

Kosningu hlaut:

Gunnar E. Benediktsson

með 7 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

XVII. Kosning tveggja endurskoðanda Musiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar.

Kosnir af tveim kistum án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Briem,

Hallgrímur Jakobsson.

XVIII. Kosning fimm manna í byggingarmálanefnd (útlitsnefnd) samkv. samþykkt bæjarstjórnar 19. jan. 1943.

Forseta bærast tveir listar, er hann merkti B og C.

Á B-lista voru Ársæll Sigurðsson, Tómas Vigfússon og Sveinbjörn Jónsson, en á C-lista Einar Erlendsson, Eiríkur Einarsson og Sigmundur Halldórsson. C-listi fékk 7 atkv.

en B-listi 8 atkv.- Hlutu þannig kosningu:

Einar Erlendsson

af C-lista

Eiríkur Einarsson

Ársæll Sigurðsson

Tómas Vigfússon

af B-lista

Sveinbjörn Jónsson

Bæjarstjórn
XIX. Kosn
XX. Dreg
XXI. Fund
með
XXII. Fund
XXIII. Fund
vörð
ræði
um r
XXIV. Fund
fram
XXV. Fund
XXVI. Fund
shlj
shlj

XIX. Kosning fimm manna í forstöðunefnd Námsflokka Reykjavíkur.

Kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Helgi H. Eiríksson,

Jónas B. Jónsson,

Knútur Arngrímsson,

Sigfús Sigurhjartarson,

Ármann Halldórsson.

XX. Dregið út til innlausnar 1 skuldabréf Laugarneslánsins 1884.

Dregið var út nr. 63.

XXI. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. jan. lögð fram og samþ.
með shlj. atkv.

XXII. Fundargerð bæjarráðs frá 22. jan lögð fram.

1.-14. liður samþ. með shlj. atkv.

XXIII. Fundargerð bæjarráðs frá 30. jan. lögð fram.

Tillaga frá Jóni Axel Péturssyni um að breikka Skóla-
vörðustíg neðanverðan, sbr. 6. lið, var felld með 7:6 atkv.

Samþ. með 8 shlj. atkv. að veita meðmæli þau, er um
ræðir í 13. lið.

Samþ. með shlj. atkv., að verða við tilmælum þeim, er
um ræðir í 16. lið.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

XXIV. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 20. jan. lögð
fram.

XXV. Fundargerð brunamálanefndar frá 21. jan. lögð fram.

XXVI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 3. febr. lögð fram. Samþ. með
shlj. atkv. að taka málið á dagskrá. 2. liður samþ. með
shlj. atkv.

XXVII. Frv. að fjárhagsáætlun fyrir Reykjavík 1943, 2. umr.

Þessar tillögur komu fram:

1. Frá bæjarfltr. Sjálfstæðisflokksins:

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi og ríkisstjórn að breyta gildandi skattalöggjöf í það horf, að hlutur sveita- og bæjarsjóða af tekjuskatti og stríðsgróðaskatti verði stórum aukinn, og bendir m.a. sérstaklega á, að réttur til útsvarsálagningar á háar tekjur er óhafilega takmarkaður á móts við skattheimtu ríkisins.

Frá bæjarfltr. Alþýðuflokksins:

1. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að verja af óvissum útgjöldum 20 þús. kr. til að efla trjárækt til skjóls og þrýðis í bænum.

Skal leitað til skólastjóra barna- og unglingaskólanna í Reykjavík um að fá ungmenni skólanna til að gróðursetja trjáplöntur í skemmtigörðum, torgum, við opinberar byggingar og víðar.

Unnið skal að þessu í samráði við skórákterstjóra ríkisins.

2. Bæjarstjórnin ályktar að beina því til íþrótt- og æskulýðsfélaga bæjarins, að þau tilnefni fimm menn af sinni hálfu til þess, ásamt þrem fulltrúum, er bæjarstjórnin tilnefnir, að gera tillögur um byggingu og rekstur æskulýðshallar í Reykjavík, ef henta þykir í sambandi við væntanlegt íþróttahús, en bæjarbókasafninu sé ætlað rúm í byggingunni.

3. Gjöld XIII. 1. Ípróttavöllurinn.

Fyrir kr. 5000.00 komi : kr. 25000.00.

4. Gjöld XIII. II. Knattspyrnufél. Fram.

Fyrir kr. 1000.00 komi : kr. 1500.00.

5. Gjöld XIV. 7. Óviss útgjöld.

Af liðnum til trjáræktar og fegrunar, kr.

20.000.00.

Frá borgarstjóra:

Brtt. við I. till. bæjarfr. Alþýðuflokksins.

Upphaf 2. mgr. orðist svo:

Í framkvæmdasjóð skal leggja allan stríðsgróðaskatt álagðan 1943, er í hlut bæjarins kemur, umfram 1 millj. króna, auk þeirra framlaga, sem bæjarstjórn sérstaklega samþykkir.

Frá bæjarfulltr. Alþýðuflokksins:

Bæjarstjórn samþykkir að setja á stofn sniða- og mátningarstofu, þar sem hægt er að fá sniðinn og mátaðan kven- og barnafatnað við sanngjörnu verði og húsmæðrum bæjarins þannig gefinn kostur á að geta sjálfar saumað fatnað sinn og barna sinna.

Frá Árna Jónssyni:

Brtt. við VI. till. bæjarfr. Alþýðufl.:

Upphaf tillögunnar orðist svo:

Bæjarstjórn samþykkir að taka í sínar hendur rekstur kvikmyndahúsanna Gamla bíó og Nýja bíó hér í bænum.

Aftan við tillöguna þætist:

Rekstrarhagnaður kvikmyndahúsanna renni óskiptur í

sérstakan sjóð, er varið sé til nauðsynlegustu mannúðar og menningarfræmkaða í bænum, svo sem heilsuverndarstöðvar, barnaspítala, meðra- og fæðingarheimilis, o.s.frv.

Frá bæjarftr. Alþýðuflokksins:

Brtt. við brtt. fulltr. sameiningarfl. við gjl.

VIII. 6. (nýr liður)

Til stofnunar og starfrækslu dagheimilis.- Aftan við liðinn batist:

enda náist samkomulag við Barnavinafélagið Sumargjöf um stofnsetningu og starfrækslu þess.

Frá Helga H. Eiríkssyni:

Til slysastofu, kr. 35.000.00, enda náist samkomulag við hlutadeigendur og hlutadeigandi stofnanir um rekstur stofnunar og kostnað við hana.

Frá Gunnari Thorodásen, Sigfúsi Sigurhjartarsyni og Jakob Möller: Brtt. við brtt. bæjarftr. Alp.fl. við gjl.

XIII. 16 (Glímufél. Ármann).

Fyrir kr. 1000.00 komi : kr. 1500.00.

Frá bæjarftr. Sameiningarfl. Alþýðu sósíalistafll.:

Viðbótartillaga við IV. till. sömu bæjarftr.:

Jafnframt skal nefndin taka til athugunar, hvort eigi sé tímabært að gera breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú gildir, um álagningu skatts og útsvars til bæjarins.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni og Sigurði Ólafssyni:

Gjöld VIII. 9. (Slysavarnafél. Ísl., til slysavarna í bænum).

Í stað kr. 1000.00, komi kr. 2500.00.

Frá Gunnari Thoroddsen:

1. Bæjarstjórn felur bæjarráði og borgarstjóra að framkvæma athuganir og áætlanir um æskulýðshöll og tómstundaheimili fyrir æskulýð höfuðstaðarins.
2. Bæjarstjórn felur bæjarráði og borgarstjóra að láta undirbúa og gera áætlanir um byggingu leikfímishúsa í bænum, svo að fullnægt verði þörfum skóla og íþróttafélaga um kennslu og iðkun fimleika.

Frá Árna Jónssyni:

gjöld III. 12. (Nýr liður).

Til læknavarðstofu kr. 100.000.00

gjöld VIII. 4. (Nýr liður).

Til stofnunar barnahælis kr. 100.000.00

Frá Sameiningarflokki alþýðu, sósíalístaflokknum:

- I. Verði fé það, sem áætlað er til framleiðslubóta og atvinnuaukningar á fjárhagsáætlun ársins 1943, ekki notað á árinu, skal það lagt í sjóð, er nefnist framleiðslubóta- og atvinnuaukningarsjóður. Tilgangur sjóðsins skal vera sá, er felst í nafni hans, og skal fé hans verið eftir nánari ákvörðun bæjarráðs og bæjarstjórnar.
- II. Fari svo, að ekki reynist kleift, sökum skorts á byggingarefni eða annara óviðráðanlegra ástæðna, að hefja framkvæmdir á árinu við byggingar þær, sem fé er ætlað til í fjárhagsáætlun þessa árs, skal fé það, sem ætlað er í þessu skyni, lagt til hliðar uns hægt er að hefja umræddar byggingar.

4. febrúar 1943.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

III. Bæjarstjórn samþykkir að láta framkvæma ítarlega athugun á skipulags- og byggingarmálum bæjarins, með það fyrir augum fyrst og fremst:

1. að húsnæðisvandæði bæjarbúa verði leyst á hagkvæman og fullnægjandi hátt.
2. að rannsaka, hvort ekki muni tiltækilegt að taka lakast byggða bæjarhverfin nú þegar til endurbyggingar.
3. að skipulag bæjarins verði fastákveðið.

IV. Bæjarstjórn samþykkir að kjósa 5 manna nefnd til að athuga og gera tillögur um, á hvern hátt æðstu stjórn bæjarins verði best fyrir komið.

V. Bæjarstjórn heimilast að taka allt að 2 millj. króna lán til þess að reisa æskulýsðhöll í Reykjavík og sé Bæjarbókasafninu ætlað rúm í heimkynnum hennar.

Frá borgarstjóra:

Bæjarstjórn heimilar borgarstjóra að taka á árinu nauðsynlegt fé að láni til þess að standa straum af gjöldum bæjarsjóðs skv. fjárhagsáætlun, ende samþykki bæjarráð lánskjörin.

Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

Bæjarstjórn felur bæjarráði og borgarstjóra að leita samkomulags við heilbrigðisstjórnina um stækkun fæðingardeildar Landsspítalans og byggingu farsóttahúss.

Frá Helga H. Eiríkssyni:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra að óska eftir því, að umsjón og fjárhald kirkjugarðanna í bænum verði fengið bæjarstjórninni í hendur.

Frá Gunnari Þorsteinssyni:

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að kjósa 5 manna nefnd, er vinni að því, í samráði og samvinnu við íþróttaráðunaut bæjarins, að láta skipuleggja rúmgott skemmti og hvíldarsvæði fyrir bæjarbúa í svonefndum Laugadal, svo og til að láta skipuleggja þar eða á sundlaugasvæðinu og undirbúa byggingu á nýttísku sundlaugum fyrir bæjarbúa og öðrum íþróttamannvirkjum í sambandi við sundlaugarnar.

Frá sama bæjarfulltrúa:

tekjur II. 1. og 2. Fasteignagjöld:

Fyrir kr. 1.370.000.00 komi : kr. 1.070.000.00, enda verði fasteignagjöld yfirstandandi árs innheimt skv. fasteignamatinu 1932.

Frá borgarstjóra:

1. gjöld XII. 13. Nýr liður:

Til skátaskálans á Úlfljótsvatni, stofnkostnaður, kr. 12.000.00.

2. gjöld XII. 13. Nýr liður.

Skátaskálinn á Úlfljótsvatni, kr. 15.000.00.

Frá Gunnari Þorsteinssyni:

Gjöld XIII. 25. Nýr liður.

Til skipulagningar og endurbyggingar sundlauga og annara íþróttamannvirkja á sundlaugasvæðinu og í Laugadalnum, svo og til að koma upp rúmgóðum skemmtigarði á sama stað fyrir bæjarbúa, kr. 150.000.00.- 1. greiðsla.

Ennfremur komu fram þessar breytingartillögur:

Tekjur:

V. Tryggingarstofnun.

Fyrir kr. 580.000.00 komi : kr. 700.000.00 (Alp.fl.)

VI. 8. Kvikmyndasýningar.

Fyrir kr. 44.000.00 komi : kr. 220.000.00 (Alp.)

VII. 2. Stríðsgróðaskattur.

Fyrir kr. 1.000.000.00 komi : kr. 2.500.000.00 (bæjarr.)

Gjöld:

III. 3. Nýr liður:

Til dýralæknisstarfa, kr. 5500.00 (bæjarr.)

VI. 3. c. Fæðingahjálp.

Fyrir kr. 2000.00 komi : kr. 10.000.00 (bæjarr.)

VII. 1. Ellilaun og örorkubætur

Fyrir kr. 2.200.000.00 komi : kr. 3.000.000.00 (S.A.S.)

VII. 4. Sjúkrasamlag.

Fyrir kr. 680.000.00 komi : kr. 800.000.00 (S.A.S.)

VIII. 4. Liðurinn orðist:

Til barnaheimila, eftir ákvörðun bæjarráðs, kr. 20.000.00
(bæjarr.)

VIII. 5. Orðið "tveggja" fellt burtu (S.A.S.)

VIII. 6. Nýr liður.

Til stofnunar og starfrækslu dagheimilis fyrir börn,
kr. 80.000.00. (S.A.S.)

VIII. 6. Liðurinn orðist:

Til starfsemi Líknar, eftir ákvörðun bæjarráðs, kr.
75.000.00 (bæjarr.)

Bjajarstjórn Reykjavíkur.

4. febrúar 1943.

- VIII. 8. Til Blindrafélagsins, kr. 1000.00 (bajarr.)
- VIII.11. Nýr liður.
Kaup stúlkna til aðstoðar sängurkonum á heimilum, kr. 30.000.00 (Alp.)
- VIII.12. Nýr liður.
Til stofnunar upptökuheimilis fyrir börn, sem barnaverndarnefnd þarf að ráðstafa kr. 50.000.00 (S.A.S.)
- VIII.12. Liðurinn orðist:
Til styrktarsjóðs sjómanna og verkamannafélaganna í Reykjavík, kr. 10.000.00 (bajarr.)
- VIII.15. Fyrir kr. 50.000.00 komi kr. 75.000.00 (S.A.S.)
- VIII.16. Fyrir kr. 4.500.00 komi kr. 10.000.00 (S.A.S.)
- VIII.17. Nýr liður:
Til mæðraheimilis, eftir ákvörðun bæjarráðs, kr. 50.000.00 (bajarr.)
- VIII.17. Fyrir kr. 170.000.00 komi kr. 100.000.00 (Alp. og S.A.S.)
- VIII.20. Í stað orðanna "ungum mönnum" komi : ungu fólki (S.A.S.).
- XI. 3. Nýr liður.
Til fræðslufulltrúa, kr. 15.000.00 (bajarr.)
- XI. 7. Bókasafn kennara.
Fyrir kr. 2000.00 komi : kr. 5000.00 (bajarr.)
- XI. 9. Nýr liður.
Til að kaupa skíði og skauta og styrkja skíða- og skautaferðir skólabarna, kr. 30.000.00 (S.A.S.)
- XI.10. Nýr liður.
Til að koma á fót barnalesstofum og starfrækja þær, kr. 150.000.00 (S.A.S.)

- XI.10. Mjólkur- og matgjafir.
Fyrir kr. 70.000.00 komi : kr. 150.000.00 (Alp.)
- XII. 4. Liðurinn orðist:
Gagnfræðaskóli Reykvíkinga, enda falli niður skólagjald nemenda, kr. 140.000.00 (S.A.S.)
- XII. 6. Námsflokkar.
Fyrir kr. 10.000.00 komi : kr. 11.400.00 (bæjarr.)
- XII.13. Nýr liður.
Til menningarstofnunar fyrir æskulýð bæjarins, kr. 100.000.00. (S.A.S.)
- XII.13. Nýr liður.
Til Handíðaskólans, kr. 20.000.00 (Alp. og S.A.S.)
- XII.13. Nýr liður.
Handíðaskólinn, kr. 5000.00 (Sj.)
- XII.13. Nýr liður.
Til færfugladeildar Reykjavíkur, kr. 2000.00 (S.A.S.)
- XIII. 2. Leikvellir.
Fyrir kr. 200.000.00 komi : kr. 300.000.00 (S.A.S.)
- XIII. 6. Til undirbúnings ípróttasvæða í bænum.
Fyrir kr. 100.000.00 komi : kr. 200.000.00 (bæjarr.)
- XIII.13. Nýr liður.
Knattspyrnufél. Víkingur, til skíðaskála kr. 5000.00 (Sj.)
- XIII.14. Sundfélagið Egir.
Fyrir kr. 1000.00 komi: kr. 1500.00 (Alp.)
- XIII.16. Nýr liður.
Glímufélagið Ármann, til byggingar skíðaskála, kr.10.000.00 (Alp.)

- XIII. 16. Nýr liður.
Knattspymúfélagið Valur, til byggingar skíðaskála,
kr. 7000.00 (Alþ.)
- XIII. 16. Nýr liður.
Til byggingar fullkomins íþróttahúss gegn framlögum
annarsstaðar frá, fyrsta greiðsla, kr. 100.000.00 (Alþ.)
- XIII. 16. Nýr liður.
Til byggingar sundlaugar í vesturbænum, fyrsta greiðsla
kr. 100.000.00 (Alþ.)
- XIV. Nýr liður.
Til byggingar náttúrugripasafns, kr. 50.000.00 (bæjarr.)
- XIV. Nýr liður.
Til framkvæmdasjóðs, kr. 2.500.000.00 (Alþ.)
- XIV. Nýr liður.
Til framkvæmdasjóðs, kr. 1.500.000.00 (bæjarr.)
- XIV. Nýr liður.
Til skólabygginga, kr. 2.000.000.00 (S.A.S.)
- XIV. Nýr liður.
Til byggingar íbúðarhúsa, kr. 1.000.000.00 (Alþ.)
- XIV. Nýr liður.
Til bæjarsjúkrahúss, kr. 1.000.000.00 (S.A.S.)
- XIV. Nýr liður.
Til fæðingarheimilis, eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar,
kr. 600.000.00 (S.A.S.)
- XIV. Nýr liður.
Til byggingar fæðingarheimilis gegn framlagi annarsstaðar
frá, fyrsta greiðsla, kr. 400.000.00 (Alþ.)

XIV. 5. Við liðinn komi svohljóðandi athugasemd:

Par af til byggingar fæðingarstofnunar: á Landsspítalalóð-
inni, kr. 400.000.00, - enda náist samkomulag við heilbrigðis-
isyfirvöld ríkisins um málið (bæjarr.)

XIV. 5. Fyrir kr. 2.200.000.00 komi : kr. 3.700.000.00 (Sj.)

XIV. 7. Óviss útgjöld.

Fyrir kr. 250.000.00 komi : kr. 500.000.00 (Sj.)

Fundarhlé kl. 8 - 9½.

Kl. 9½ var fundinum haldið áfram og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn nema Katrín Pálsdóttir. Í hennar stað var kominn Ársæll Sigurðsson varabæjarfulltrúi.

Skömmu fyrir kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundinum skyldi haldið áfram eftir þann tíma. Var það samp. með shlj. atkv.

Atkvæðagreiðsla

Tekjur:

I. 1. - 11. samp. með shlj. atkv.

Brtt. G. Þorst. II. 1. - 2. felld með 6 : 3 atkv.

II. 1. - 2. samp. með shlj. atkv.

III. 1. - IV. 2. b. samp. með shlj. atkv.

Brtt. Alp. V. tekin aftur.

V. samp. með shlj. atkv.

VI. 1. - 7. samp. með shlj. atkv.

Brtt. Alp. VI. 8. tekin aftur.

VI. 8. samp. með shlj. atkv.

VI. 9. - VII. 1. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. bæjarr. VII. 2. samþ. með shlj. atkv.

VII. 3. - 4. samþ. með shlj. atkv.

Gjöld:

I. 1. - III. 2. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. bæjarr. III. 3. samþ. með shlj. atkv.

III. 3. - 11. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Helga H. Eiríkssonar og Árna Jónssonar III. 12.

samþ. með shlj. atkv.

III. 12. - VI. 3. b. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. bæjarr. VI. 3. c. samþ. með shlj. atkv.

VI. 3. d. - 4. d. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. S.A.S. VII. 1. felld með 8 : 4 atkv.

VII. 1. samþ. með shlj. atkv.

VII. 2. - 3. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. S.A.S. VII. 4. felld með 8 : 7 atkv.

VII. 4. samþ. með shlj. atkv.

VII. 5. - VIII. 3 samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Árna Jónssonar VIII. 4 samþ. með 8 : 2 atkv.

Brtt. bæjarr. VIII. 4. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. S.A.S. VIII. 5. samþ. með shlj. atkv.

VIII. 5. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. S.A.S. VIII. 6. ásant brtt. Alp. við þá till. samþ. með

9 : 2 atkv.

Brtt. bæjarr. VIII. 6. samþ. með shlj. atkv.

VIII. 7. samþ. með shlj. atkv.

- Brtt. bæjarr. VIII. 8. samp. með shlj. atkv.
 VIII. 8. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. Sigf. Sigurhj. og Sig. Ól. VIII. 9. samp. með shlj. atkv.
 VIII. 10. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. Alp. VIII. 11. tekin aftur.
 VIII. 11. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. VIII. 12. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. bæjarr. VIII. 12. samp. með shlj. atkv.
 VIII. 13. - 14. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. VIII. 15. felld með 7 : 4 atkv.
 VIII. 15. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. VIII. 16. felld með 7 : 5 atkv.
 VIII. 16. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. bæjarr. VIII. 17. samp. með shlj. atkv.
 VIII. 17. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. og Alp. VIII. 18. felld með 7 : 7 atkv.
 VIII. 18. samp. með shlj. atkv.
 VIII. 19. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. VIII. 20. felld með 7 : 4 atkv.
 VIII. 20. samp. með shlj. atkv.
 VIII. 21. - XI. 2. d. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. bæjarr. XI. 3. samp. með shlj. atkv.
 XI. 3. - 6. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. bæjarr. XI. 7. samp. með shlj. atkv.
 XI. 8. samp. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. XI. 9. felld með 8 : 4 atkv.

Bæjarstjórn
 XI.
 Brtt. S.A.
 Brtt. Alp.
 XI.
 XI.
 Brtt. S.A.
 XII.
 XII.
 Brtt. bæj.
 XII.
 Brtt. S.A.
 Brtt. bor.
 Brtt. sam.
 Brtt. S.A.
 Brtt. S.A.
 Brtt. Alp.
 XIII.
 Brtt. XII.
 XIII.
 XIII.
 Brtt. bæj.
 XIII.
 Brtt. Alp.
 XIII.
 Brtt. Sj.
 XIII.

- XI. 9. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. XI. 10. felld með 7 : 4 atkv.
- Brtt. Alp. XI. 10. felld með 8 : 4 atkv.
- XI. 10. samþ. með shlj. atkv.
- XI. 11. - XII. 3. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. XII. 4. felld með 7 : 4 atkv.
- XII. 4. samþ. með shlj. atkv.
- XII. 5. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. bæjarr. XII. 6. samþ. með shlj. atkv.
- XII. 7. - 12. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. XII. 13. felld með 8 : 7.
- Brtt. borgarstj. XII. 13. a samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. sama XII. 13. b. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. S.A.S. og Alp. XII. 13. samþ. með 8 : 6 atkv.
- Brtt. S.A.S. XII. 13. felld með 6 : 4 atkv.
- Brtt. Alp. XIII. 1. felld með 6 : 6 atkv.
- XIII. 1. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. XIII. 2. S.A.S. felld með 7 : 7 atkv.
- XIII. 2. samþ. með shlj. atkv.
- XIII. 3. - 5. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. bæjarr. XIII. 6. samþ. með shlj. atkv.
- XIII. 7. - 10. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. Alp. XIII. 11. samþ. með 8 : 2 atkv.
- XIII. 12. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. Sj. XIII. 13. samþ. með 12 : 1 atkv.
- XIII. 13. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alp. XIII. 14. samþ. með 12 : 1 atkv.

XIII. 15. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Gunn. Th. og fl. við brtt. Alp. XIII. 16. samþ. með 11 : 1
atkv.

Brtt. Alp. XIII. 16, samþ. með 12 : 1 atkv.

XIII. 16. - 24. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Gunn. Þorst. XIII. 25. samþ. með shlj. atkv.

XIV. 1. - 4. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alp. XIII. 16. (ípróttahús) felld með 7 : 7 atkv.

Brtt. Alp. XIII. 16 (sundlaug) felld með 7 : 7 atkv.

Brtt. bæjarr. XIV. (náttúrugripasafn) samþ. með shlj. atkv.

I. ályktunartill. Alp., ásamt brtt. borgarstjóra við þá till. samþ.
með shlj. atkv.

Brtt. Alp. XIV. (framkv.sj.) tekin aftur.

Brtt. bæjarr. XIV. (framkv.sj.) samþ. með shlj. atkv.

Brtt. S.A.S. XIV. (skólabyggingar) tekin aftur.

Brtt. Alp. XIV. (íbúðarhúsabygging) tekin aftur.

Brtt. S.A.S. XIV. (bæjarsjúkrahús) tekin aftur.

Brtt. S.A.S. XIV. (fæðingarheimili) samþ. með 8 : 7 atkv.

Brtt. bæjarr. XIV. 5. (en bæjarr. lækkaði tillöguupphæðina niður í
kr. 3.300.000.00) samþ. með shlj. atkv.

XIV. 6. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. sj. XIV. 7. tekin aftur

XIV. 7. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alp. XIV. 7. samþ. með shlj. atkv.

XV. - XVII. samþ. með shlj. atkv.

atkv.

I. álykt

II.

Till.

II. álykt

Álykt

stud.

IV. álykt

atkv

Álykt

með

IV. álykt

III.

III.

shlj

Álykt

atkv

V. álykt

Tekjulíður VIII., með breytingum samkv. atkvæðagreiðslunni,
samb. með shlj. atkv.

Áætlun bæjarsjóðs í heild, svo breytt, samb. með shlj.
atkv.

Áætlun vatns- og hitaveitu samb. með shlj. atkv.

Áætlun Sundhallarinnar samb. með shlj. atkv.

Áætlun Gasstöðvarinnar samb. með shlj. atkv.

Áætlun Rafmagnsveitunnar samb. með shlj. atkv.

Áætlun Sogsvirkjunarinnar samb. með shlj. atkv.

I. ályktunartill. S.A.S. tekin aftur.

II. " " fékk ekki nægan stuðning.

Tillaga borgarstjóra (lánsheimild) samb. með shlj. atkv.

II. ályktunartill. Alp. tekin aftur.

Ályktunartill. Árna Jónssonar fékk 1 atkv. og því ekki nægan
stuðning.

IV. ályktunartill. S.A.S., ásamt viðaukatill. sömu samb. með shlj.
atkv.

Ályktunartill. Sj. (fæðingarheimili og farsóttahús) samb.
með shlj. atkv.

IV. ályktunartill. Alp. fyrri hluti tekinn aftur.

" " síðari " samb. með shlj. atkv.

III. " " felld með 8 : 6 atkv.

III. " S.A.S. vísað til byggingarmálanefndar með
shlj. atkv.

Ályktunartill. Gunn. Th. (æskulýðsheimili) samb. með shlj.
atkv.

V. ályktunartill. S.A.S. felld með 8 : 4 atkv.

- Ályktunartill Gunn. Th. (leikfímishús) samþ. með shlj.
atkv.
- Ályktunartill. Gunn. Þorst. (íþróttanefnd o.fl.) samþ.
með shlj. atkv.
- Brtt. Árna Jónssonar við V. ályktunartill. Alp. samþ.
með 8 : 6 atkv.
- V. ályktunartill. Alp., svo breytt, samþ. með 8 : 7 atkv.
- Ályktunartill. Helga H. Eiríkssonar (kirkjugarður) samþ.
með shlj. atkv.
- VI. ályktunartill. Alp. vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
- VII. " " " tekin aftur.
- Ályktunartill. Sj. (skattalög) samþ. með shlj. atkv.
- " Alp. (trjárékt) " " " "
- " " (æskulýðshallarnefnd) vísað til bæjarr.
með 11 : 3 atkv.
- Ályktunartill. Alp. (sníða- og mátningarstofa) vísað til
bæjarráðs með shlj. atkv.
- XXVIII. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1943. -
2. umr.
- Tekjur 1. - 9. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. hafnarstj. við tekjur 10 samþ. með shlj. atkv.
- Tekjur 10 samþ. með shlj. atkv.
- Gjöld 1. - 16 samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. hafnarstj. við gjöld 17 samþ. með shlj. atkv.
- Gjöld 18. - 20. samþ. með shlj. atkv.
- Brtt. hafnarstj. við gjöld 21. samþ. með shlj. atkv.

Bjajarstjórn Reykjavíkur.

4. febrúar 1943.

Gjöld 22 samþ. með shlj. atkv.

Áætlunin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

XXIX. Fundargerð framfærslunefndar frá 21. jan lögð fram.

XXX. Útsvarsmál.

.....

Tillaga um að fela forseta og skrifurum að ganga frá
bókun fundarins og undirrita fundargerðina var samþ. með shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 2 1/2.

Guðm. Ásbjörnsson,

Helgi H. Eiríksson, Björn Bjarnason.

Ár 1943, fimmtudaginn 18. febr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Gísli Guðnason, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.

Brunabótavirðingagjörðir, 64 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 17. febr., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. febr. lögð fram.

1. - 10. liður samþ. með shlj. atkv.

Þillaga um að fresta 11. lið var samþ. með 10 : 2 atkv.

12. - 13. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 5. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 12. febr. lögð fram.

1. liður samþ. með shlj. atkv.

Ályktun í 2. lið samþ. með 9 : 3 atkv.

3. - 17. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Kosning eins manns til að framkvæma fasteignamat skv. 12. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. febr. 1943.

fasteignamatslaganna í stað Sigurjóns Sigurðssonar.

Kosningu hlaut:

Knud Zimsen

með 7 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

VI. Kosning 5 manna nefndar til að athuga og gera tillögur um skipun æðstu stjórnar bæjarins o.fl. samkv. ályktun bæjarstjórnar 4. þ.m.

Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Bjarni Benediktsson,

Guðmundur Ásbjörnsson,

Pórður Eyjólfsson,

Stefán Jóh. Stefánsson,

Áki Jakobsson.

VII. Kosning á manni til að taka sæti í nefnd til undirbúnings landssambands sveitarfélaganna.

Kosningu hlaut:

Guðmundur Ásbjörnsson

með 7 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

VIII. Kosning 5 manna nefndar til að undirbúa íþrótt- og skemmtisvæði í nágrenni Sundlauganna skv. ályktun bæjarstjórnar 4. þ.m.

Samþ. með shlj. atkv. að taka málið af dagskrá.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 4. febr. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.44.

Helgi H. Eiríksson,	Guðm. Ásbjörnsson,	Jakob Möller,
Gísli Guðnason,	Guðrún Jónasson,	Gunnar Þorsteinsson,
Sigfús Sigurhjartars.,	Árni Jónsson,	Valtýr Stefánsson,
Soffía Ingvarsd.,	Stp. Guðmundsson,	Þjórn Bjarnason,
	H. Guðmundsson,	
	Jón Axel Pétursson.	

Ár 1943, föstudaginn 26. febr., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni í skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Katrín Pálsdóttir, Árni Jónsson, Helgi H. Eiríksson, Sigurður Ólafsson, Guðrún Jónasson, Sigfús Sigurhjartarson, Gísli Guðnason, Gunnar Thoroddsen, Jón Axel Pétursson, Björn Bjarnason, Jakob Möller og Soffía Ingvarsdóttir.

Þetta gerðist:

I. Reglur um innheimtu útsvara í Reykjavík árið 1943.

Reglurnar voru samþykktar með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.10

Guðm. Ásbjörnsson,

Helgi H. Eiríksson,	Katrín Pálsdóttir,
Gunnar Thoroddsen,	Árni Jónsson,
Sig. Ólafsson,	Gísli Guðnason,
Soffía Ingvarsdóttir,	Valtýr Stefánsson,
Guðrún Jónasson,	Jón Axel Pétursson,
Björn Bjarnason,	Jakob Möller,
	Sigfús Sigurhjartarson.

Ár 1943, fimmtudaginn 4. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Valtýr Stefánsson, Gunnar Thoroddsen, Gunnar Þorsteinsson, Jakob, Möller, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir og Björn Bjarnason.

Áður en gengið væri til dagskrár las forseti bréf ríkisstjóra þar sem hann þakkar afmæliskeðju bæjarstjórnarinnar.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. febr., 11. liður (Hallgrímskirkja).

Þessar tillögur komu fram:

Frá Valtý Stefánssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

Þar eð ljóst er, af þeim uppdretti að Hallgrímskirkju, sem hér liggur fyrir, að sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar hefir eigi í hyggju að reisa hér venjulega sóknarkirkju, heldur er hér um að ræða fyrirhugaða aðalkirkju landsins, telur bæjarstjórn að mál þetta hafi eigi fengið nægilegan undirbúning, og getur því eigi að svo stöddi veitt hið umbeðna byggingarleyfi.

Frá Valtý Stefánssyni, Haraldí Guðmundssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

Bæjarstjórn heitir sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar stuðning sínum við að reisa sem fyrst hús fyrir guðsþjónustur og aðra starfsemi safnaðarins með því að láta söfnuðinum í té ókeypis lóð undir húsið, er sóknarnefnd geti fyrir sit leyti fallist á, og að greiða fyrir málinu á annan hátt.

Fyrri tillagan var samp. með 11 : 2 atkv.

Síðari tillagan var samp. með 11 : 2 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 20. febr. lögð fram.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn telur með tilvísun til 70. gr. lögreglu-samþykktarinnar ekki heimilt að verða við málaleitun þeirri, er í 11. lið fundargerðar bæjarráðs frá 20. febr. greinir og ákveður því að synja henni.

1. - 6. liður samp. með shlj. atkv.

Samp. að mæla með beiðni þeirri, er um ræðir í 7.

lið.

8. - 10. liður samp. með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa 11. lið, ásamt tillögu borgarstjóra, til bæjarráðs, var samp. með shlj. atkv.

12. - 17. liður samp. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samp. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 26. febr. lögð fram og samp. með shlj. atkv.

V. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 23. febr. lögð fram.

VI. Fundargerð brunamálanefndar frá 23. febr. lögð fram.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

4. marz 1943.

VII. Fundargerð brunamálanefndar frá 27. febr. lögð fram.

VIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 25. febr. lögð fram.

Tillaga um að vísa 2. lið aftur til nefndarinnar var
samb. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest, og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.28.

Guðm. Ásbjörnsson,

Helgi H. Eiríksson,

Jakob Möller,

Árni Jónsson,

H. Guðmundsson,

Guðrún Jónasson,

Gunnar Thoroddsen,

Gunnar Þorsteinsson,

Sigfús Sigurhjartarson,

Katrín Pálsdóttir,

Soffía Ingvarsdóttir,

Björn Bjarnason.

18. marz 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 18. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoroddson, Hælgí H. Eiríksson, Gunnar Þorsteinsson, Sigurður Guðnason, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir, Árni Jónsson, Björn Bjarnason, Valtýr Stefánsson og Jakob Möller.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.

Brunabótavirðingagjörðir, 63 að tölu, er bærust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagssins, dags. 16. marz, voru samb. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. marz lögð fram og samb. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 12. marz lögð fram.

Steinþór Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Sigurður Guðnason og Soffía Ingvarsdóttir báru fram svohljóðandi tillögu.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á þingmenn Reykjavíkur að beita sér fyrir því, að sett verði á ný inn í frumvarp það til húsaleigulaga, sem liggur fyrir Alþingi, ákvæði, er heimili skömmun húsnæðis, og gangi þessi ákvæði eigi skemmra en ákvæði þau, sem efri deild þingsins felldi út úr fimmtu grein frumvarpsins.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. marz 1943.

Katrín Pálsdóttir bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur felur borgarstjóra að gera hið allra fyrsta ráðstafanir til þess að koma á stofn og reka upptökuheimili fyrir börn, sem barnaverndarnefnd þarf að ráðstafa til bráðabirgða.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi breytingartillögu við tillögu Steinþórs Guðmundssonar o.fl.

Tillagan orðist svo:

Bæjarstjórn ítrekar fyrri ályktun sína um, að þegar alveg sérstaklega stendur á, þurfi hið opinbera að fá heimild til ráðstöfunar, handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, á lítt notuðu eða ónotuðu húsnæði.

Tillagan í 27. lið samþ. með shlj. atkv.

Samþ. að veita meðmæli þau, er um ræðir í 28. lið.

Fundargerðin í heild, aftur að 29. lið, samþ. með shlj. atkv.

Breytingartillaga borgarstjóra samþ. með 8 shlj. atkv.

Tillögu Katrínar Pálsdóttur var vísað til bæjarráðs

með 6 : 2 atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 20. febr., 11. liður.

Tillaga borgarstjóra frá 4. marz samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð brunamálanefndar frá 6. marz lögð fram.

VI. Fundargerð brunamálanefndar frá 13. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Kosning 2 manna í stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar og 2 varamanna.

Við kosningu aðalmanna komu fram 3 listar, er forseti

merkti A, B og C. Á A-lista var Jón Back, á B-lista Arnfinnur Jónsson og á C-lista Ragnar Lárusson.

A-listi fékk 2 atkv., B-listi 4 atkv., C-listi 7 atkv., en 1 seðill var auður. Hlutu þannig kosningu:

Ragnar Lárusson af C-lista

Arnfinnur Jónsson af B-lista.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Soffía Ólafsdóttir

Eggert Þorbjarnarson.

VIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 11. marz lögð fram.

IX. Útsvarsmál.

Samb. var að fella burtu útsvarsskuldur þessara aðila:

- Albert Guðmundsson, db. Suð. 8 A, Andrés Jónsson, db. Þjórs. 5,
- Árni Magnússon, db. Rán. 32, Bergþór Guðmundsson, Frakk. 10,
- Bjarni Benediktsson, Berg. 63, Egill Kristófersson, db.
- Vest. 52, Guðlaugur Fr. Steindórsson, Bræðr. 4, Guðm. Þór-
- hallsson, db., Karl. 15, Gunnlaugur Guðmundsson, db. Berg. 64,
- Hallgr. B. Hallgrímsson, db. Ásv. 69, Kristinn Karlsson,
- db. Lind. 26, Grímur Laxdal, Þing. 25, Sigurður P. Sigurðsson,
- db. Lok. 5, Þorsteinn Karlsson, db. Tjarn. 10.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.35.

Guðm. Ásbjörnsson,

Valtýr Stefánsson,
 Jakob Möller,
 Gunnar Þorsteinsson,
 Árni Jónsson,
 Sigurður Guðnason,
 Katrín Pálsdóttir,

Helgi H. Eiríksson,
 Gunnar Thoroddsen,
 Guðrún Jónasson,
 Jón Axel Pétursson,
 Stþ. Guðmundsson,
 Björn Bjarnason,

Soffía Ingvarsdóttir

Ár 1943, fimmtudaginn 1. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Jakob Möller, Helgi H. Eiríksson, Gísli Guðnason, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Arnfinnur Jónsson, Stefán Ögmundsson, Jón Axel Pétursson, Soffía Ingvarsdóttir, Sigurður Ólafsson, Einar Olgerisson og Gunnar Thoroddsen.

Þetta gerðist:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. marz lögð fram.
 1. - 8. liður samþ. með shlj. atkv.
 - Tillaga um að fresta 9. lið var felld með 6 : 5 atkv.
 9. liður samþ. með 8 : 4 atkv.
 10. - 17. liður samþ. með shlj. atkv.
- Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð bæjarráðs frá 19. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- III. Fundargerð bæjarráðs frá 26. marz lögð fram.

Bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin skorar á borgarstjóra og heilbrigðisnefnd að hlutast til um, að nauðsynlegar umbætur verði gerðar á sorphreinsun af hálfu bæjarins. Ennfremur ganga ríkt eftir því, að húsráðendur fylgi settum reglum um hreinlæti og hirðingu umhverfis hús.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

1. apríl 1943.

1. - 13. liður samp. með shlj. atkv.

14. liður samp. með 12 : 1 atkv.

15. - 18. liður samp. með shlj. atkv.

Tillaga bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins var samp. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 23. marz lögð fram.

V. Fundargerð skólanefndar Skildinganeskólans frá 20. marz lögð fram.

VI. Kosning tveggja manna í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og tveggja endurskoðenda.

Forseta bárust 3 listar, er hann merkti A, B og C. -

Á A-lista var Kjartan Ólafsson múrari, á B-lista Ólafur H. Guðmundsson húsgagnasmiður og á C-lista Helgi H. Eiríksson bæjarfulltrúi. A-listi fékk 4 atkv., B-listi 4 atkv. og C-listi 7 atkv.- Hlutu þannig kosningu:

Helgi H. Eiríksson af C-lista

Ólafur H. Guðmundsson af B-lista

með hlutkesti milli hans og Kjartans Ólafssonar af A-lista.

Endurskoðendur voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Halldór Jakobsson, Skól. 23,

Björn Steffensen endursk..

VII. Kosning 5 manna nefndar til að undirbúa íþrótt- og skemmtisvæði í nágrenni Sundlauganna, skv. ályktun bæjarstjórnar 4. febr.

Kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

apríl 1943.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

1. apríl 1943.

Gunnar Þorsteinsson

Benedikt Waage

Erlingur Pálsson

Jens Guðbjörnsson

Sigmundur Halldórsson.

VIII. Kosning forstjóra Sundhallarinnar.

Kosningu hlaut:

Erlingur Pálsson

með 8 atkv., Sigríður Sigurjónsdóttir fékk 7 atkv.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 25. marz lögð fram.

X. Útsvarsmál:

.....

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.35.

Jakob Möller

Helgi H. Eiríksson,

Gísli Guðnason,

Árni Jónsson,

Gunnar Thoroddsen,

Guðrún Jónasson,

Gunnar Þorsteinsson,

Sigfús Sigurhjartarson,

A. Jónsson,

Jón Axel Pétursson,

Soffía Ingvarsdóttir,

Sig. Ólafsson,

Einar Ólgeirsson,

Valtýr Stefánsson,

Stefán Ögmundsson.

mp. með

ram.

0. marz

íkur og ná-

og C. -

Ólafur H.

Eiríksson

tkv. og

f A-lista.

n atkvæða-

og skemmti-

bæjarstjórnar

Ár 1943, fimmtudaginn 15. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnar Þorsteins-son, Gísli Guðnason, Sigfús Sigurhjartarson, Guðjón Benediktsson, Katrín Pálsdóttir, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Steinþór Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Soffía Ingvarsdóttir, Matthías Guðmundsson, Jakob Möller og Helgi H. Eiríksson.

Þetta gerðist:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð bæjarráðs frá 2. apríl lögð fram.

Sigfús Sigurhjartarson bar fram svohljóðandi tillögu: Bæjarstjórn felur borgarstjóra að láta tafarlaust gera nauðsynlegar endurbætur á þaki og gluggum hinna svokölluðu Pólabygginga, sem og aðrar nauðsynlegar og framkvæmanlegar endurbætur.

Gunnar Þorsteinsson bar fram svohljóðandi tillögu: Með því að undirbúningur til bygginga íbúðarhúsa í bænum er minni, það sem af er á yfirstandandi vori, en oftast áður á sama árstíma, og þar sem bæjarstjórn telur mjög þýðingarmikið að stuðlað sé að sem víðtækustum nýbyggingum íbúðarhúsa á yfirstandandi ári vegna húsnæðisvandræða í bænum, ályktar bæjarstjórnin að fela bæjarráði að athuga, hvort og á hvern hátt stjórn bæjarins geti bezt örfað og stutt bæjarbúa til íbúðarhúsbygginga í bænum.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

15. apríl 1943.

Matthías Guðmundsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ályktar að fela borgarstjóra að láta gera eina tilraun enn með að gera grasflati á Hringbraut frá Hverfisgötu að húsi Strætisvagnanna, en jafnframt verði gerðar ráðstafanir til þess, að lögreglan í Reykjavík hafi strangt eftirlit með því, að þeir verði ekki cyðilagðir af vegfarendum.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn felst á þá ákvörðun bæjarráðs að gera bílastæði á grasflötum á Hringbraut frá Hverfisgötu suður að húsi Strætisvagnanna til bráðabirgða á meðan umferð er jafnmikil og nú, þar sem nú er annarsvegar mikil þörf á fleiri bílastæðum, en hinsvegar hafa endurtoknar tilraunir bæjaryfirvaldanna til að halda þessum grasblöttum í samilegu lagi mistakist vegna ágangs vegfarenda.

Tillaga þessi var samp. með 7 : 4 atkv.

Tillaga Matthíasar Guðmundssonar kom því ekki til atkvæða.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samp. með shlj. atkv.

Tillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar var vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

Tillaga Gunnars Þorsteinssonar var samp. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 9. apríl lögð fram.

Guðrún Jónasson bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin skorar eindregið á atvinnumálaráðherra að veita hið umbeðna leyfi um aukaskammt af benzíni fyrir bifreið bæjarþvottahússins í Sundhöllinni.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

15. apríl 1943.

Helgi H. Eiríksson bar fram svohljóðandi tillögu:
Að gefnu tilefni í bréfi sóknarnefndar Hallgrímssóknar til borgarstjóra dags. 2. p.m., ályktar bæjarstjórnin að lýsa því yfir, að hún mun fá sóknarnefndinni umráðarétt yfir lóð undir kirkjubyggingu á Skólavörðuhæð, þegar bæjarstjórn hefir samþykkt uppdrátt af kirkjunni og hafist verður handa um kirkjusmíðina.

Katrín Pálsdóttir bar fram svohljóðandi tillögu:
Bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður að leita samninga við Helgu Nielsdóttur um kaup á húseignunum Eiríksgötu 37 og Hringbraut 78, Reykjavík.

Jón Axel Pétursson bar fram svohljóðandi tillögu:
Með því að kunnugt er, að tilfinnanlegur skortur á íbúðarhúsnæði í bænum, einnig fyrir einhleypinga, og óráðlegt þykir að auka útgjöld bæjarins vegna skrifstofuhúsnæðis eins og sakir standa, og enn fremur í trausti þess að unt verði að sjá málefnum bæjarins borgið án aukins skrifstofuhúsnæðis, samþykkir bæjarstjórn að hafna leigusamningi, er um getur í 11. lið. Sýni það sig hinsvegar síðar, að óhjákvæmilegt reynist að auka við skrifstofuhúsnæði bæjarins, samþykkir bæjarstjórn að leita til hafnarstjórnar um húsnæði í Hafnarhúsinu.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:
Þar sem húsnæði það, sem um fjallar í 11. lið fundargerðar bæjarráðs frá 9. apríl s.l., er nauðsynlegt vegna þeirrar starfrækslu, sem bærinn þegar hefir með höndum, þá samþykkir

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

15. apríl 1943.

- bæjarstjórn leigusamning þann, sem þar um ræðir.
Tillaga Guðrúnar Jónasson samþ. með shlj. atkv.
Synjað um leyfi það, er um ræðir í 6. lið.
Tillaga Helga H. Eiríkssonar samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Katrínar Pálsdóttur vísað til bæjarráðs með shlj.
atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með 8:4 atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar kom því ekki til atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt samþ. með öllum greiddum
atkv. gegn einu.
- IV. Fundargerð skólanefndanna frá 5. apríl lögð fram.
- V. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 5. apríl lögð
fram.
- VI. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 5. apríl
lögð fram.
- VII. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 5. apríl lögð
fram.
- VIII. Fundargerð skólanefndar Skildinganeskólans frá 5. apríl lögð
fram.
- IX. Kosning tveggja manna í húsaleigunefnd og tveggja varamanna
(skv. lögum nr. 39, 7. apríl 1943.)

Aðalmenn voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu.

Ragnar Þórarinnsson húsasmiður

Steinþór Guðmundsson bæjarfulltrúi

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu.

Þorleifur Helgi Eyjólfsson húsasmiður

Haraldur Bjarnason skrifstofumaður.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

15. apríl 1943.

X. Kosning manns í stjórn Barnaheimilissjóðs stúkunnar Fram-
tíðin.

Kosningu hlaut:

Ólafur Helgason læknir.

Þá las forseti þakkarbréf frá Kolviðarhólsnefnd skíðadeildar
Í.R. til bæjarstjórnar, dags. 11. apríl.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7³⁰

Guðm. Ásbjörnsson

Bjarni Benediktsson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller Guðrún Jónasson

Gunnar Þorsteinsson Gísli Guðnason

Sigfús Sigurhjartars. Magnús Benediktsson

Katrín Pálsdóttir Jón Axel Pétursson

Matth. Guðmundsson Soffía Ingvarsd.

Stj. Guðmundsson.

6. maí 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 6. maí, var reglulegur fundur haldinn bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Einar Jónsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Gunnar Thoroddsen, Eilífr Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Stefán Ögmundsson, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Elfríða Ingvarsdóttir og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist.

I. Brunabótavirðingar:

Brunabótavirðingagjörðir, 97 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 16. apríl, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. apríl lögð fram.

Tillaga um að fresta 16. lið var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 16. apríl lögð fram.

Fulltrúar Sócialisteflokksins báru fram svohljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórnin ákveður að selja íbúðirnar í bæjarhúsunum við Hringbraut á leigu samkv. mati húsaleigunefndar.

Varatillaga:

Verði íbúðirnar í bæjarhúsunum við Hringbraut seldar, skal útborgun ekki vera hærrí en 15% - fimmtán af hundræði - af byggingarkostnaði.

2. Bæjarstjórn felur borgarstjóra að hefja samningaumleitunir um að sameina Ráðningarstofu bæjarins Vinnumiðlunarskrif-

stofunni.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Fyrri tillögu fulltrúa Sósíalístaflokksins vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

Síðari tillaga sömu fulltrúa var samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 30. apríl lögð fram.

Fulltrúar Sósíalístaflokksins báru fram svohljóðandi tillögu.

Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra að semja við Þuríði Bárðardóttur um stofnun og rekstur mæðraheimilis á grundvelli þess tilboðs, sem fyrir liggur.

Haraldur Guðmundsson bar fram svohljóðandi tillögu: Með tilvísun til samnings bæjarins við Höjgaard & Schultz ákveður bæjarstjórn að fela borgarstjóra að fá samkomulag við verktaka um að mega bjóða út einstök verk í sambandi við hitaveituna til þess að flýta fyrir framkvæmd hennar, og heimilar honum að gera, í samráði við bæjarráð, samninga við einstaka verktaka. Jafnframt felur bæjarstjórn borgarstjóra að afla öruggra upplýsinga um það, hvaða verk önnur en hitaveituna Höjgaard & Schultz kynnu að hafa með höndum og hve margir verkamenn og iðnaðarmenn starfa við þau.

Gunnar Thoroddsen og Sigfús Sigurhjartason báru fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að verða við umsókn byggingarnefndar nýja Stúdentagarðsins um 50 þús. króna styrk úr bæjarsjóði til byggingar garðsins.

1. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillögu Gunnars Thoroddsen og Sigf. Sigurhjartarsonar
vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

13. lið vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

Fyrri hluti ályktunar í 19. lið samp. með shlj. atkv.

Síðari hluti sömu ályktunar samp. með 11:3 atkv.

Tillaga fulltrúa Sósíalístaflokksins samp. með shlj.
atkv.

21. liður samp. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samp. með shlj. atkv.

Tillögu Haralds Guðmundssonar vísað til bæjarráðs með

shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 28. apríl

lögð fram.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 3. maí lögð fram og samp. með

shlj. atkv.

VII. Tillögur um takmörkun umferðar við höfnina.

Tillögurnar, er voru samþykktar á fundi hafnarstjórnar

3. maí og bókaðar í gjörðabók nefndarinnar, voru samp. með

shlj. atkv.

VIII. Tilnefning manns í mjólkursölunefnd og varamanns.

Kosningu hlaut.

Sigurður Guðnason alþm.,

með 7 atkv., með hlutkesti milli hans og Jakobs Möller, er

einnig fékk 7 atkv. - 1 seðill var auður.

Varamaður, tilnefndur án atkvæðagreiðslu.

Tómas Jóhannsson.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

6. maí 1943.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 15. apríl lögð fram.

X. Fundargerð framfærslunefndar frá 29. apríl lögð fram.

XI. Útsvarsmál:

1. Daníel Þorkelsson. Samp. að fella burtu

kr. 2100.00 af útsvari hans 1941.

2. Ósvald Knudsen. Samp. að fella burtu

kr. 1600.00 af útsvari hans 1941.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.

Guðm. Ásbjörnsson

Helgi H. Eiríksson

Gunnar Thoroddsen

Guðrún Jónasson

Árni Jónsson

Stefán Ögmundsson

Gunnar Þorsteinsson

Björn Bjarnason

Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson

Soffía Ingvarsd.

Stj. Guðmundsson.

Bæjarstjórn

haldinn í

og voru þ

bæjarfull

Jónasson,

Árni Jóns

Guðmundss

mundsson,

I. Fund

með

II. Skip

Erl

við

legð

nú

sun

Til

shl.

Til

shl

III. Fun

Bæj

myh

Ár 1943, fimmtudaginn 20. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoróddsen, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Ámi Jónsson, Sigfús Sigurhjartarson, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Matthías Guðmundsson, Björn Bjarnason, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir og Jakob Möller.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. maí lögð fram og samp. með shlj. atkv.

II. Skipun sundhallarforstjóra.

Borgarstjóri skýrði frá, að sér hefði borizt bréf Erlings Pálssonar, þar sem hann segir lausu forstjórastarfi við Sundhöllina.- Jafnframt skýrði hann frá, að bæjarráð legði til, að Erlingi Pálssyni yrði veitt lausn frá starfinu nú þegar og ungfrú Sigríður Sigurjónsdóttir sundkennari skipuð sundhallarforstjóri í hans stað.

Tillagan um að veita Erlingi Pálssyni lausn var samp. með shlj. atkv.

Tillagan um að skipa Sigríði Sigurjónsdóttur var samp. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 7. maí lögð fram.

Þessar tillögur komu fram:

Frá borgarstjóra:

Bæjarstjórnin telur ekki hagkvæmt að semja um kaup á kvikmyndahúsum h/f. Nýja Bíó og h/f. Gamla Bíó á þeim verðlags-

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

20. maí 1943.

grundvelli, er greinir í bréfum félaganna til borgarstjóra
5. og 6. p.m.

Jafnframt felur bæjarstjórnin bæjarráði að leggja fyrir
næsta fund bæjarstjórnar tillögur um hækkun á gjaldi til
bæjarsjóðs af hverju sæti í kvikmyndahúsunum.

Frá Guðmundi Ásbjörnssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni:
Bæjarstjórnin fellst á tillögur lögreglunnar frá 14. nóv.
1942 um að banna starfsemi pylsuvagnanna.

Frá fulltrúum Sócialistaflokksins:

Vegna hinna miklu húsnæðisvandæða, sem nú eru hér í bæ,
og þar sem víst má telja, að ástandið í þessu efni, verði
enn verra í haust felur bæjarstjórn borgarstjóra að fylgja
fast eftir, að húsaleigunefnd eða annar aðili geri eftirtaldar
ráðstafanir:

1. Að láta fara fram skráningu húsnæðislaus fólks í sumar.

2. Að láta skrá allt húsnæði í bænum ásamt upplýsingum um
notkun þess.

3. Að koma því til vegar, að allar breytingar á notkun
húsnæðis verði lagðar fyrir húsaleigunefnd, sbr. 11. gr.
laga um húsaleigu frá 6. apríl 1943.

4. Að leggja ríkt á við húsaleigunefnd að nota til hlítar
heimildir þær, sem felast í 5. gr. laga um húsaleigu frá
6. apríl 1943 til að taka til umráða ónotað húsnæði og hluta
íbúðarhúsnæðis, sem afnotahafi getur án verið.

Frá Jóni Axel Péturssyni:

Bæjarstjórnin samþykkir, að sætagjald fyrir yfirstandandi ár
hjá kvikmyndahúsum bæjarins skuli vera kr. 150.00 pr. sæti.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

20. maí 1943.

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins:

Bæjarstjórnin samþykkir, með tilvísun til samþykktar á fundi 4. febr., að fela borgarstjóra og að skora á aðra þingmenn bæjarins að leggja fram á næsta Alþingi frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir Reykjavíkurbæ á húseignum Gamla Bíó og Nýja Bíó í Reykjavík.

Frá borgarstjóra:

Dagskrártillaga út af tillögum fulltrúa Sósíalistaflokksins:

Þar sem ráðstafanir þær, er í tillögunni greinir, heyra undir húsaleigunefnd og hæstvanta ríkisstjórn, og upplýst hefir verið í samtölum borgarstjóra við forsætisráðherra og formann húsaleigunefndar um ráðstafanir í þessu skyni, að nefndin muni gera sitt ytrasta til að leysa verkefni sitt af hendi, þ.á.m. koma upp skrifstofu, sem taki við beiðnum húsnæðislausra manna, annist skýrslugerð og sjái um að settum lögum verði framfylgt, telur bæjarstjórn að svo stöddu ekki ástæðu til að gera ályktun um þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá, jafnframt því sem hún felur borgarstjóra að greiða á allan veg fyrir starfi húsaleigunefndar.

Tillaga Guðmundar Ásbjörnssonar og Sigfúsar Sigurhjartarsonar samþ. með 7 : 6 atkv.

Fyrri hluti tillögu borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

Síðari hluta sömu tillögu og tillögu Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með 10:3 atkv.

Tillaga fulltrúa Alþýðuflokksins samþ. með 8:7 atkv.

Borgarstjóri óskaði bókað, að hann teldi sér ekki skylt að flytja á Alþingi frumvarp það, er í tillögunni greinir, þar

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

20. maí 1943.

sem bæjarstjórnina skorti heimild til að mæla fyrir verkum sínum sem þingmanns.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Dagskrártillaga borgarstjóra samþ. með 8:7 atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 14. maí lögð fram.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins báru fram svohljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórnin samþykkir að heimila borgarstjóra að kaupa fyrir hönd bæjarsjóðs húseignirnar Eiríksgötu 37 og Kringbraut 78 fyrir allt að 400.000 kr. Ef úr kaupunum verður, skal fela Barnavinafélaginu Sumargjöf eignirnar til afnota fyrir starfrækslu félagsins börnum í bænum til gagns, eftir nánara samkomulagi félagsins og bæjarráðs, enda taki félagið fyrst um sinn að sér að reka upptökuheimili fyrir börn í einhverju af húsrými félagsins.
2. Með tilvísun til ályktunar um ráðgerða samninga við Barnavinafélagið Sumargjöf um rekstur þess á upptökuheimili a.m.k. fyrst um sinn, telur bæjarstjórn, að eigi sé ástæða til að bæjarsjóður a.m.k. að svo stöddu festi kaup á eignum símamanna hjá Vatnsenda og synjar því framkomnu tilboði um kaup á þeim.

1. - 22. liður samþ. með shlj. atkv.

Fyrri tillaga fulltrúa Sjálfstæðisfl. samþ. með shlj. atkv.

Síðari tillaga sömu fulltrúa samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð brunamálanefndar frá 8. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð ráðhúsnefndar frá 13. maí lögð fram.

Málinu vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 6. maí lögð fram.

VIII. Tillaga um fjárveitingu til nýja Stúdentagarðsins. -- 2. umr.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi breytingartillögu:

Tillagan orðist svo:

Bæjarstjórn samþykkir fyrirheit um að veita á næsta ári 50.000 kr. viðbótarframlag úr bæjarsjóði til nýja stúdentagarðsins.

Breytingartillagan var samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð bæjarráðs 30. apríl, 13. liður (Búnaðarsamband Kjalarnesþings) 2. umr.

Fjárveitingin samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð bæjarráðs frá 19. maí lögð fram.

Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

Þessar tillögur komu fram:

Frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins.

Bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður að selja hús þau, sem hún er að láta reisa á Melunum við Hringbraut, fyrir kostnaðarverð með þessum greiðsluskilmálum:

Útborgun við undirskrift kaupsamnings 33 1/3 %

Lán á 1. veðrétti, greiðist á 40 árum 33 1/3 %

Lán á 2. " " " 60 " 33 1/3 %

Þæði lánin ávaxtast með 4 1/2% og greiðast með jöfnum árlegum greiðslum.

Til vara:

Útborgun við undirskrift kaupsamnings	25%
Lán á 1. veðrétti, greiðist á 40 árum	33 1/3%
" " 2. " " " 60 "	20%
" " 3. " " " 8 "	21 2/3%.

Öll lánin ávaxtast með 4 1/2%, tvö þau fyrri greiðast með jöfnum árlegum greiðslum, en hið þriðja með jöfnum afborgunum.

Til vara-vara:

Útborgun við undirskrift kaupsamnings	20%
Lán á 1. veðrétti, greiðist á 40 árum	33 1/3%
" " 2. " " " 60 "	25%
" " 3. " " " 8 "	21 2/3%.

Ávöxtun og greiðslur eins og í vara-tillögunni.

Frá borgarstjóra:

Jafnframt ákvörðun um að selja íbúðir í nýbyggingunum við Hringbraut 137-147 setur bæjarstjórn væntanlegum kaupendum þau skilyrði, að þeir myndi með sér sameignar eða samvinnufélög um húsin, enda samþykki bæjarráð lög og starfsreglur félaganna. Ennfremur felur bæjarstjórn bæjarráði að ákveða nánar söluverð íbúðanna og ganga að öllu leyti frá sölu þeirra, þ.á.m. að ákveða hverjum þær verði seldar.

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins:

Bæjarstjórnin samþykkir að fela bæjarráði og borgarstjóra að bjóða út til sölu íbúðir í hinum nýju byggingum bæjarins á Melunum fyrir kostnaðarverð. Útborgun sé 20% af kostnaðarverði, og jafnframt láni bæjarsjóður kaupendum með tryggingu

í 2. veðrétti húsanna það sem á vantar til þess að veð-
 skuldir verði 80%, til allt að 60 ára, með sömu vaxtakjörum
 og eru á 1. veðréttarláninu. Kaupendur myndi samvinnu eða
 sameignarfélagsskap um hvort húsanna fyrir sig eða bæði
 saman og sé í reglum hans ákvæði til tryggingar því, að
 íbúðirnar séu keyptar til eigin nota og lendi ekki í braski,
 svo sem með ákvæðum um forkaupsrétt bæjarins eða félagsins
 fyrir kostnaðarverð eftir nánari settum reglum.

Frá fulltrúum Sósíalístaflokksins:

Bæjarstjórn ákveður að selja íbúðirnar í bæjarhúsunum við
 Hringbraut á leigu, samkvæmt mati húsaleigunefndar.

Varatillaga:

Verði íbúðirnar í bæjarhúsunum við Hringbraut seldar, skal
 útborgun ekki vera hærri en 15% -- fimmtán af hundraði - af
 byggingarkostnaði.

Tillagan í 1. lið samþ. með shlj. atkv.

Aðaltillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins felld með
 8:7 atkv.

Varatillaga Sjálfstæðisflokksins samþ. með 8:7 atkv.

Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 13. maí lögð fram.

XII. Útsvarsmál.

.....

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9⁵⁵.

Guðm. Ásbjörnsson

Gunnar Þorsteinsson, Helgi H. Eiríksson, Guðrún Jónasson,
 Stj. Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Matth. Guðmundsson,
 Björn Bjarnason, Sigfús Sigurhjartarson.

Ár 1943, fimmtudaginn 1. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jón A. Pétursson, Jakob Möller, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Gunnar Thoroddsen, Árni Jónsson, Valtýr Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.

Brunabótavirðingagjörðir er bærust, 81 að tölmu, er bærust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 2. júní, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð sömu nefndar frá 10. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð sömu nefndar frá 24. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 21. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 4. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 9. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

1. júlí 1943. Bæjarstjó

VIII. Fundargerð bæjarráðs frá 11. júní lögð fram

Fulltrúar sósíalístaflokksins báru fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin telur mjög miður farið, að ríkisstjórnin og viðskiptaráð hefir ekki enn séð sér fært að verða við umsóknum bæjarins um innflutning á byggingarefni og felur borgarstjóra að gerða allt sem auðið er til að fá umbeðin innflutningsleyfi og að gera aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar og framkvæmanlegar eru, til þess að þerinn geti hafið þær byggingarframkvæmdir, sem ráð var fyrir gert í sambandi við fjárha-sáetlun þessa árs, ekki síðar en á þessu sumri.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu við 5. lið:
Samkvæmt ákvæðun dómsmálaráðuneytisins í bréfi 25. júní 1943, telur bæjarstjórn að nú eigi lögregluþjónar í Reykjavík að vera 82.

Breytingartillaga borgarstjóra var samþ. með shlj. atkv.

6. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

Till. sósíalístaflokksins samþ. með shlj. atkv.

Samþ. með shlj. atkv. að þessir menn skuli skipaðir lögregluþjónar frá 1. þ.m.

Ármann Kr. Einarsson, Eir. 13.

Björn Eysteinn Kristjánsson, Njál. 29B.

Dýrmandur Ólafsson, Hátúni 15.

Einar Ásgrímsson, Egilsg. 18.

Finnbogi Sigurðsson, Laug. 134.

IX. Fund

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

1. júlí 1943.

Gísli Bjarnason, Hverfisgötu 117.

Guðmundur Hjartarson, Óð. 25.

Garðar Guðmundsson, Hrin. 52.

Jónas Jónsson, Brekk. 7.

Snorri Laxdal Holt. 31.

urður
Sigur Jónsson, Vest. 51 A.

Valdimar Guðmundsson, Laug. 50.

Þórður Kárason, Freyjugötu 25.

IX. Fundargerð bæjarráðs frá 22. júní lögð fram.

Þessar tillögur komu fram:

Frá Guðrúnu Jónasson:

Út af erindi ljósmæðrafélags Reykjavíkur til bæjarráðs, felur bæjarstjórn borgarstjóra og bæjarráði framkvæmdir í þessu máli í samráði við hinar lögskipuðu ljósmæður bæjarins.

Frá Gunnari Thoroddsen:

Bæjarstjórn samþykkir að veita Tennis- og Badmintonfélagi Reykjavíkur kr. 4000.00 styrk til byggingar tennisvallar á íþróttavellinum og greiðist styrkur þessi af því fé, sem veitt er á fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir 1943, gjaldl. XIII. 6.

Frá sama:

Bæjarstjórn ályktar að setja á stofn starf fæðslumálafulltrúa og felur bæjarráði að undirbúa það mál, enda samþykki bæjarstjórn tilhögun starfsins og ráðningu.

Umsóknin í 5. lið samþ. með shlj. atkv.

Fyrri till. Gunnars Thoroddsen samþ. með shlj. atkv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

1. júlí 1943.

Síðari tillaga sama samþ. með shlj. atkv.

Tillaga um að ~~fella~~ fresta tillögu Guðrúnar Jónasson var
Samþ. með 8:3 atkv.

20. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð bæjarráðs frá 25. júní lögð fram.

13. lið var frestað án atkvægreiðslu.

Fundargerðin að öðru leyti samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð bæjarráðs frá 26. júní lögð fram.

XII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 12. júní lögð fram.

Gunnar Þorsteinsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir fyrir sitt leyti, að hafnarstjóra-
staðan í Reykjavík skuli auglýsy laus til umsóknar.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Gunnars Þorsteinssonar samþ. með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16. júní lögð fram of samþ.
með shlj. atkv.

XIV. Frv. að byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík.

- - reglugerð ~~frv~~ um byggingarleyfisgjald.

ö - erindisbréf fyrir byggingarfulltrúa .

Frumvörpunum vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

XV. Fundargerð framfærslunefndar frá 27. maí lögð fram.

XVI. Fundargerð framfærslunefndar frá 10. júní lögð fram.

XVII. Fundargerð framfærslunefndar frá 24. júní lögð fram.

Tillaga um að fella niður síðari bæjarstjórnarfund í júlí-
mánuði var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Bejarstjórn Reykjavíkur.

1. júlí 1943.

Fundi slitið kl. 6.42.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson. Jakob Møller. Gunnar Thor-
oddsen. Jón Axel Pétursson. Árni Jónsson. Björn Bjarnason.
Guðrún Jónasson. Gunnar Þorsteinsson. Sigfýs Sigurhjartarson.
Stþ. Guðmundsson. Katrín Pálsdóttir. Valtýr Stefánsson.

Ár 1943, fimmtudaginn 5. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Köller, Guðrún Jónasson, Gísli Guðnason, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Guðjón Benediktsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar:

Brunabótavirðingargjörðir, 203 að tölu, er bærust bæjarstjórninni með bréfum tryggingarfélagsins, dags. 22. júlí, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð sömu nefndar frá 29. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 2. júlí lögð fram.

Gunnar Þorsteinsson og Katrín Pálsdóttir báru fram svohljóðandi tillögu.

Bæjarstjórn Reykjavíkur felur borgarstjóra í samráði við bæjarlæknir, að skipa eða setja allt að 4 nýjar ljósmæður til starfa í lögsagnarumdæmi bæjarins.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

5. ágúst 1943. Bæjarstjór.

Tillaga frá borgarstjóra um að fresta tillögu Gunnars Þorsteinssonar og Katrínar Pálsdóttur var samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 8. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 23. júlí lögð fram.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar í ~~11.~~ 11. lið felld með 7:4 atkv.

11. liður samþ. með shlj. atkv.

20. - - - - -

Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 29. júlí lögð fram.

Gunnar Þorsteinsson bar fram svo hljóðandi tillögu: Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir, að landsvæði það, ca. 95 hektarar í svo nefndum Laugardal, innan takmarka Reykjavegar, Sundlaugavegar, Laugarásvegar, Langholtsvegar og Suðurlandsbrautar, samkvæmt nánari skilgreiningu í tillögun nefndar þeirrar, er kosin var á bæjarstjórnarfundum 2. apríl s.l. til að gera tillögur um skemmti- og íþróttasvæði Reykjavíkur, til bæjarráðs, skuli vera skemmti- og íþróttasvæði Reykjavíkurborgar.

Jafnframt felur bæjarstjórnin fyrrgreindri nefnd að ganga endanlega frá tillögum sínum um skipulagningu svæðisins og leggja þar síðan fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til endanlegrar samþykktar svo að hafizt verði handa um mannvirkjagerðir og aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

5. ág., 1943.

eins fljótt og unt er, eftir því sem fé verður veitt til þess úr bæjarsjóði.

8. liður samþ. með shlj. atkv.

14. liður samþ. með shlj. atkv. með þeirri breytingu, að í stað 1. jan. 1944 komi: 1. janúar 1943.

Tillögu Gunnars Þorsteinssonar frestað með shlj. atkv.

Funfargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 1. júlí lögð fram.

Tillaga meiri hlutans í 1. lið samþ. með shlj. atkv.

4. liður samþ. með 7:3 atkv.

IX. Fundargerð hafnarstjórnar frá 3. júlí lögð fram og samþ. með

shlj. atkv.

Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

X. Frv. að gjaldskrá fyrir heimeðar hitaveitu Reykjavíkur,

fyrri umr.

Gunnar Þorsteinsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að setja ótvíráð ákvæði í nágildandi húsaleigulög þess efnis, að heimilt sé að taka fullt tillit til útgjaldaskyldu gúseigenda vegna vegna heimeðagjalds hitaveitunnar við ákvörðun húsaleigunnar.

Málinu vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

XI. Frv. að byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík.

- - reglugerð um byggingarleyfisgjöld.

- - erindisbréfi fyrir byggingarfulltrúa síðari umræða.

Tillaga um að fresta málinu samb. með shlj. atkv.

XII. Val fræðslumálafulltrúa:

Tillaga um að fresta málinu samb. með shlj. atkv.

XIII. Tillögur um hækkun á sättagjaldi í kvikmyndahúsum.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu.

Bæjarstjórnin samþykkir, að sättagjöld fyrir yfirstandandi
Ár hjá kvikmyndahúsum bæjarins skuli vera kr. 150.00 pr.
seti.

Tillaga Jóns A. Péturssonar felld með 7:6 atkv.

Tillaga borgarstjóra samb. með shlj. atkv.

XIV. Fundargerð framfærslunefndar frá 8. júlí lögð fram.

XV. Fundargerð framfærslunefndar frá 29. júlí lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.45.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson. Gísli Guðnason. Sigfús Sigur-
Hjartarson. H. Guðmundsson. Jakob Möller. Valtýr Stefánsson.
Guðrún Jónasson. Gunnar Þorsteinsson. Katrín Pétursdóttir.
Soffía Ingvarsdóttir. Björn Bjarnason. Bjarni Benediktsson.

haldinn
voru þá
bæjarful
Möller,
Gísli Gu
Pálsdótt
dóttir c

I. F

II. F

Ályk

Ár 1943, fimmtudaginn 19. ág., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoróðsen, Guðrún Guðlaugsdóttir, Gísli Guðnason, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. ágúst lögð fram og samþ.

með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 12. ágúst lögð fram.

Þessar tillögur komu fram:

Frá Guðmundi Ásbjörnssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

Bæjarstjórnin ítrekar fyrri samþykkt sína varðandi þýsuvagna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Frá Katrímu Pálsdóttur og Steinþóri Guðmundssyni:

Bæjarstjórn Reykjavíkur felur ~~þessum~~ borgarstjóra, að athuga í samráði við skólanefnd og skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík, hvort ekki mundi tiltæki-legt að fá leigt húsnæði á komandi vetri til að auka húsnæði skólans svo að hæt sé að veita þeim skólavist, sem hennar æskja og uppfylla þau skilyrði, sem reglur skólans heimta.

Ályktunin í 9. lið samþ. með shlj. atkv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

19. ág. 1943.

Dagskrártillaga Guðmundar Ásbjörnssonar og Sigfúsar

Sigurhjartarsonar felld með 9:3 atkv.

25. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Katrínar Pálsdóttur og Steinþórs Guðmundssonar samþ.
með shlj. atkv.

III. Frv. að gjaldskrá fyrir heimeðar hitaveitu Reykjavíkur
síðari umr.

Frv. samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Gunnars Þorsteinssonar frá bæjarstjórnarfundi

5. ág. samþ. með shlj. atkv.

IV. Val fræðslumálafulltrúa.

Kosningu hlaut

Jónas B. Jónsson

með 8 atkv. - Steinþór Guðmundsson fékk 4 atkv. og Hannes
M. Þórðarson 3 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.35.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson. Guðrún Jónasson.

Gunnar Thoroddsen. Gísli Guðnason. Guðrún Guðlaugsdóttir.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Stj. Guðmundsson. Katrín Pálsdóttir. Jón Axel Pétursson.

H. Guðmundsson. Soffía Ingvarsdóttir. Björn Bjarnason.

2. sept. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 2. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Helgi H. Eiríksson, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Gunnar Thoroddsen, Valtýr Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Sigurður Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir, Björn Bjarnason, og Guðrún Guðlaugsdóttir.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingagjörðir:

Brunabótavirðingagjörðir, 161 að tölú, er bærust bæjarstjórninni með bréfitryggingarfélagssins, dags. 24. ág., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. ág., lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 26. ág. lögð fram.

Þessar tillögur komu fram:

Frá Katrínu Pálsdóttur:

1. Bæjarstjórn Reykjavíkur telur nauðsyn, að í hinum fyrirhuguðu íbúðarbyggingum bæjarins verði ætlað húsnæði fyrir ^h dageimili fyrir börn og felur borgarstjóra framkvæmdir á því í samráði við teiknimeistara og byggingarmeistara þá, sem fyrir verkinu standa.
2. Ennfremur telur bæjarstjórn nauðsyn, að í hinum fyrirhug-

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

2. sept. 1943.

Bæjarstjórn

uðu byggingum, séu þvottahúsin útbúin með nýjustu tækjum, t
til léttis húsmæðrum við þvotta og þrifnað.

Frá Steinþóri Guðmundssyni:

Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að sjá um, að húsnæði,
sem húsaleigunefnd kann að fá til umráða til bráðabirgða
til bráðabirgða handa húsnæðislausu fólki, verði gert svo
úr garði að boðlegt geti talizt til íbúðar. Heimilar
bæjarstjórnin borgarstjóra að verja fé til óhjákvæmilegra
endurbóta á slíku húsnæði, ef nauðsyn krefur, enda séu endu
bæturnar framkvæmdar undir eftirliti trúnaðarmanna bæjar-
ins.

IV. Fu

V. Fu

VI. Fu

Frá Haraldi Guðmundssyni:

Bæjarstjórn felur ^{bæjarráði} borgarstjóra að skipa 4 manna nefnd til
að rannsaka atvinnuhorfur bæjarmanna á vetri komandi og ger
tillögur um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir arvinnu-
leyði ef rannsóknin bendir til þess, að þörf verði slíkra
aðgerða.

VII. Fu

VIII. Fu

IX. Fu

Nefndin skili álitni eigi síðar en í nóvembermánuði
næstkomandi.

7. liður samþykktur með shlj. atkv.

Ályktunin í 20. lið samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Tillögum Katrínar Pálsdóttur vísað til bæjarráðs
með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Guðm. Ásb.

Sigurhjar

son. Guð

dóttir.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

2. sept. 1943.

Tillaga Steinþórs Guðmundssonar - vísað til bæjarráðs með
með shlj. atkv.

Till. Haralds Guðmundssonar samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 22. ág. lögð
fram.

V. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 31. ág. lögð
fram.

Samþ. með samhljóða atkv. aðtaka málið á dagskrá.

VI. Fundargerð ~~Miðbæjarskólans~~ skólanefndar Miðbæjarskólans
frá 31. ágúst lögð fram.

Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 2. sept. lögð fram.

Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

1. - 3. liður samþ. með shlj. atkv.

Ályktun meiri hlutans $\frac{2}{3}$ í 4. lið samþ. með 8:6 atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 29. ágúst lögð fram.

IX. Forseti las bréf herra ríkisstjórans dags. 21. f.m. , þar
sem hann þakkar boð bæjarstjórnarinnar þ. 18. f.m.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.40

Guðm. Ásbjörnsson. Hel í H. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Sigfús
Sigurhjartarson. Stþ. Guðmundsson. Sig. Ólafsson. Björn Bjarna-
son. Guðrún Guðlaugsdóttir. Gunnar Þorsteinsson. Katrín Páls-
dóttir. H. Guðmundsson.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

2. sept. 1943.

Fyrirspurnir frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

1. Telur borgarstjóri ekki líklegt, að atvinnuæysi verði í borginni á næstkomandi vetri?
2. Telur borgarstjóri bæjarstjórn ekki skylt að gera ráðstafanir til að tryggja atvinnu fyrir alla bæjarbúa?
3. Hvað líður störfum þeirrar nefndar, sem skipaðar voru síðasta vetur til að athuga og gera tillögur um atvinnumál Reykvíkinga eftir stríð?

Bæjarstj

haldinn

voru þá

bæjarful

Guðnason

Sigfús S

Sigurður

Björn Bj

I. Fu

II. Fun

III. Fun

IV. Fun

V. Fun

Guðm. Ás
Þorstein
Guðlaugs
Matthías
lendsson

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

16. sept. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 16. sept. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og - vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Gísli Guðnason, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Jakob Möller, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Arnfinnur Jónsson, Sigurður Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Matthías Guðmundsson, Björn Bjarnason, Guðrún Guðlaugsdóttir og Einar Erlendsson.

Þetta gerðist:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð bæjarráðs frá 3. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- III. Fundargerð bæjarráðs frá 10. sept. lögð fram.
Till. í 10. lið samþ. með shlj. atkv.
12. lið vísað til afgreiðslu bæjarráðs með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 2. sept. lögð fram.
- V. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 9. sept. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.50.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson. Gísli Guðnason. Gunnar Þorsteinsson. H. Guðmundsson. Sigfús Sigurhjartarson. Guðrún Guðlaugsdóttir. Stþ. Guðmundsson. A. Jónsson. Sigurður Ólafsson. Matthías Guðmundsson. Björn Bjarnason. Jakob Möller. Einar Erlendsson. Valtýr Stefánsson.

7. okt. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 7. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Árni Jónsson, Gunnar Thoroddsen, Gísli Guðnason, Valtýr Stefánsson, Digfús Sigurhjartarson, Sigurður Guðnason, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir og Steinþór Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.

Brunabótavirðingargjörðir, 92 að tölu, er bærust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagins, dags. 30. sept., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. sept. 1943 fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 27. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 28. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 1. okt. lögð fram.

Þessar tillögur komu fram:

Frú Guðrún Jónasson, Katrín Pálsdóttir og Soffía Ingvarsdóttir :

Bæjarstjórn Reykjavíkur telur ástandið í mjólkursöllumálum

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

7. oktbr. 1943. Bæjarstj

bæjarins með öllu óviðunandi og skorar og skorar á þingmenn Reykjavíkur að beita sér fyrir, að Alþingi geri nauðsynlega ráðstafanir til að bæta úr þessu ástandi.

Frá Helga H. Eiríkssyni:

Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa nú eina ljósmóðurstöðu lausa til umsóknar, þannig að í næstu framtíð verði tvær fastráðnar ljósmæður í bænum.

Frá Steinþóri Guðmundssyni :

Bæjarstjórn felur bæjarráði að gera ítrustu tilraunir til að bæta úr þeim vandræðum, sem iðnaðurinn í bænum á við að búa vegna skorts á vatni og rafmagni.

Frá Katrínu Pálsdóttur, Soffíu Ingvarsdóttur og Guðrúnu Jónasson :

Bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður að verða við tilmælum ljósmæðrafélags Reykjavíkur, um að skipa minnst 4 ljósmæður í Reykjavík.

Frá Jóni Axel Péturssyni :

Bæjarstjórnin samþykkir að fela bæjarráði og borgarstjóra að láta endurskoða samþykktar reglur um heimeðagjald hitaveitunnar, með það fyrir augum, að heimeðagjaldið miðist við hitaþörf og ennfremur fjölda tenginga innan hinna ýmsu húsa.

Ennfremur að leita eftir láni með $3\frac{1}{2}$ % ársvöxtum til greiðslu kostnaðar við lagningu heimeða í húsin.

VI. Fu

VII. Fu

VIII. Fu

IX., Fu

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

7. okt. 1943.

Meðmælabeirðir í 36. lið fékk ekki stuðning.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Steinþórs Guðmundssonar samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Guðrúnar Jónasson o.fl. samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Katrínar Pálsdóttur o.fl.

samþ. með 8:3 atkv.

Ennfremur var samþ. svo hljóðandi við ^{auka-} ~~átt~~ tillaga frá

Helga H. Eiríkssyni :

Aftan við tillöguna bætist: enda verðá þær, sem nú verða skipaðar, launaðar samkv. ljósmæðralögunum.

Tillaga Helga H. Eiríkssonar kom ekki til atkvæða.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar var vísað tíæ bæjarráðs

með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 7. okt. lögð fram.

Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

1. - 5. liður samþ. með shlj. atkv.

7. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28. sept. lögð fram.

VIII. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans lögð fram (frá 22. sept.)

3. liður samþ. með shlj. atkv.

6. - - - - -

8. - - - - -

9. - - - - -

IX., Fundargerð hafnarstjórnar frá 25. sept. lögð fram og samþ.

með shlj. atkv.

- X. Fundargerð framfærslunefndar frá frá 16. sept. lögð fram. 14. l.
sambær-með-shljá-atkvæ
- XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 30. sept. lögð fram. 15. l.
Helgi H. Eiríksson fór af fundinum að afloknum 5. lið, en
Guðrún Guðlaugsdóttir kom í hans stað. 16. l.
- XII. Útsvarsmál.
1. Db. Sigurðar Sigurðssonar, Tún. 45. Samb. að fella burtu 17. l.
útsvar 1943.
 2. Þorbjörn Ólafsson, Skúlag. 55. Samb. að fella burtu útsvar 18. l.
hans 1943. 19. l.
 3. Þórður Stefánsson, Leif. 13. Samb. að lækka útsvar hans 20. l.
1943 í kr. 200.00.
 4. Þóra G. Þorsteinsdóttir, Garð. 16. Erindinu synjað.
 5. Símon Jóh. Ágústsson, Bíðimeð 31. Samb. að fella burtu 21. l.
kr. 540.00 af útsvari hans 1943.
 6. Db. Sveinsjóns Ingvarssonar, Hring. 156. Samb. að fella 22. l.
burtu útsvarsskuld dánarbúsins. 23. l.
 7. Sigrþður Jónsdóttir, Laug. 45. Erindinu synjað.
 8. Jón Ivarsson, Sjafn. 1. Samb. að lækka útsvar hans 1943 í 24. l.
kr. 7000.00. 25. l.
 9. Ragnhildur Steindórsdóttir, Rán. 21. Erindinu synjað.
 10. Ólafur Einarsson, Laugarnesvegi 58. Erindinu synjað. 26. l.
 11. Kristinn Guðmundsson, Urð. 8. Erindinu synjað. 27. l.
 12. Magnús Jónsson, Bar. 25. Samb. að fella burtu útsvar hans 1943. 28. l.
 13. Jónas Þórarinnsson, Hrafnabjörgum. Samb. að fella burtu útsvar 29. l.
hans 1943.

Bejarstjórn Reykjavíkur.

7. okt. 1943.

14. Db. H. Th. Kannevorff. Samp. að fella burtu útsvarsskuld dánarbúsins.
15. Elís Hannesson, Spít. 1. Samp. að fella burtu útsvar hans 1943.
16. Halldór Jónsson, Nönn. 5A. Samp. að fella burtu útsvar hans 1943.
17. Brynjólfur Erlingsson, Höfðaborg 7. Samp. að fella burtu útsvar hans 1943.
18. Gunnar Pálsson fls:hjá Ríkisútvarpinu. Erindinu synjað.
19. Anna M. S. Carlsson, Fram. 16. Samp. að fella útsvar hans 1943 í kr. 120.00.
20. Db. Bjarna Jónssonar, Holtsg. 35. Samp. að fella burtu útsvarsskuld dánarbúsins.
21. Þorgeir Guðnason, Skól. 2.
Samp. að fella burtu útsvarsskuld hans 1943.
22. Júlíus Ingvarsson, Hverf. 92 A. Erindinu synjað.
23. Jónas Þórarinsson, Hrafnabjörgum. Samp. að taka málið upp að nýju. Erindinu synjað.
24. Kristinn I. Jónsson, Einholti 11. - Erindinu synjað.
25. Sigurður Betúelsson, Berg. 55. Samp. að lækka útsvar hans 1943 í kr. 200.00.
26. Alfreð G. Þórðarson, Grjót. 14 B. Erindinu synjað.
27. Brynjólfur Einarsson, Grund. 11. Erindinu synjað.
28. Sæfari h/f. - Erindinu synjað.
29. Þorsteinn Þórðarson, Sólvellur. Samp. að lækka útsvar hans 1943 í kr. 2800.-

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

7. okt. 1943.

30. Karl Gíse, Mánag. 22. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.

31. Lárus Bjarnfreðsson, Bald. 29. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.

32. Vigfús Þorkelsson, Lok. 9. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.

33. Db. Ingunnar Magnúsdóttur. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld á dánarbúsins.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.30.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson. Gunnar Thoróddsen.
Jón Axel pétursson. Stþ. Guðmundsson. Sigfús Sigurhjärtarson,
Katrín Pálsdóttir. Sigurður Guðnason. Gísli Guðnason. Jakob Mölle
Guðrún Guðlaugsdóttir.

Bæjarstj

haldinn

voru þá

Ásbjörns

Jónasson

Sigfús S

Jón Axel

Björn B.

I. Fu

II. Fu

III. Fu

IV. Fu

V. Fu

VI. Fu

Ár 1943, fimmtudaginn 21. okt., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundyrinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Soffía Ingvarsdóttir og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 8. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 15. okt. lögð fram.

Samkv. 23. lið fór fram kosning bæjarverkfræðings.-

Kosningu hlaut:

Bolli Thoroddsen

með 15 shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 5. okt. lögð fram.

V. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 11. okt. lögð fram.

VI. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans ~~lögð fram~~ frá 15. okt. lögð fram.

2. liður samþ. með shlj. atkv.

3. liður samþ. með shlj. atkv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

21. okt. 1943.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 14. okt. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og underskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.17.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson. Jakob Möller. Guðrún
Jónasson. Árni Jónsson. Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson
Gunnar ~~Þorsteinsson~~ Þorsteinsson. Stj. Guðmundsson. Katrín Páls-
dóttir. Jón Axel Pétursson. H. Guðmundsson. Soffía Ingvarsdóttir.
Björn Bjarnason. Valtýr Stefánsson.

Bæjarst

haldinn

voru þá

- bæjar

Gunnar

Katrín

mundsso

íksson,

I. E

II. F

III. F

1. okt. 1943.
fram.

fuð.

Guðrún
Sigurhjartarson
Katrín Páls-
Ingvarsdóttir.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

4. nóv. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 4. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-
- bæjarfulltrúar: Guðm. Ásbjörnsson, Jakob Möller, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Guðnason, Katrín Pálsdóttir, Árni Jónsson, Valtýr Stefánsson, Steinþór Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Helgi H. Eiríksson, Guðmundur Ágústsson og Soffía Ingvarsdóttir.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.

Brunabótavirðingagjörðir, 94 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagins, dags. 25. okt., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 4. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 22. okt. lögð fram.

Gunnar Þorsteinsson bar fram svo hljóðandi tillögu: Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að fela bæjarráði að skipa 5 manna nefnd, þar af tvo samkvæmt tilnefningu stjórnar F.F.S.I., til þess að athuga skilyrði fyrir því, að komið verði upp í náinni framtíð, í bænum eða nágrenni hans, sjóminjasafni, er gefi sem gleggsta hugmynd af þróun siglinga - og sjávarútvegsáráðgjafna höfuðstaðarins frá fyrstu tíð og lýsi jafnframt sem best, þeim farkostum, veiðitækjum, áhöldum og útbúnaði öllum, til lands og sjávar, sem

notaður hefir verið til fiskveiða héðan og hagnýtingu aflans.

Jafnframt athugi nefndin á hvern hátt á hvern hátt bæjarstjórn Reykjavíkur getur best stutt að framgangi þessa máls, er fært þykir og tímabært að hefja í því framkvæmdir.

14. liður tekinn af dagskrá.

Fundargerðin í heild, að undanteknum 14. lið,

samb. með samhlj. atkv.

Till. Gunnars Þorsteinssonar samb. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 29. okt. lögð fram.

14. liður samb. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samb. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 30. okt. lögð fram og samb.

með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar Skildinganesskólans 27. okt. lögð fram.

VII. Fundargerð skólanefndanna frá 29. okt. lögð fram.

VIII. Kosning endurskoðanda musiksjóðs (Guðjóns Sigurðssonar)

(sbr. fundargerð bæjarráðs 22. okt. 13. lið.

Endurskoðandi var kosinn án atkvæðagreiðslu

Eggert Claesse hrl.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 21. okt. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.55.

Stj. Guðmundsson. Guðm. Ásbjörnsson. Soffía Ingvarsdóttir.
H. Guðmundsson. Katrín Pálsdóttir. Jón Axel Pétursdóttirson.
Sigurður Guðnason. Guðm. Ágústsson. Sigfús Sigurhjartarson.
Gunnar Þorsteinsson. Árni Jónsson. Guðrún Jónasson. Helgi H.
Eiríksson. Jakob Möller.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

6. nóv. 1943.

Ár 1943, laugardaginn 6. nóv. var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 3 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Katrín Pálsdóttir, Sigfús Sigurhjartarson, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Jón Axel Pétursson, Haraldur Guðmundsson, Björn Bjarnason, Valtýr Stefánsson, Einar Olgeirsson, Árni Jónsson, Jakob Möller og Soffía Ingvarsdóttir.

Þetta gerðist:

I. Lántaka handa Sogsvirkjuninni og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. -

Fyrri umræða.

Borgarstjóri bar fram svo fellda tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að taka tvö skuldabréfalán vegna aukningar Sogsvirkjunarinnar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur,

þannig:

1. Til ~~kr.~~ Sogsvirkjunarinnar kr. 6.000.000.00 - sex milljónir króna - til endurgreiðslu á 20 árum með jöfnum ársgreiðslum (Annuitet) Vextir 4 % p.a.

Óskar bæjarstjórnin þess, að lánið verði tryggt með ríkisábyrgð, skv. 6. grein laga um virkjun Sogsins, nr. 82, 19.

júní 1933.

2. Til Rafmagnsveitu Reykjavíkur kr. 5.400.000.00 - fimm milljónir og fjögur hundruð þúsund krónur - til endurgreiðslu á 10 árum með jöfnum ársgreiðslum (Annuitet). Vextir 4 % p.a. Eignir Rafmagnsveitunnar verði veðsettar til tryggingar láninu

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

6. nóv. 1943.

með veðrétti næst á eftir áhvílandi veðskuldum.

Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að taka tilboði Landsbanka Íslands um að tryggja sölu allra bréfa~~na~~ beggja lánanna fyrir nafnverð gegn 2 % þóknun.

Bæjarstjórnin felur bæjarráði að annast lántökurnar og veitir borgarstjóra, Bjarna Benediktssyni, fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita skuldabréf fyrir lánunum, hvort heldur aðalskuldabréf eða sérskuldabréf eða hvorutveggja, svo og veðbandsyfirlýsingu eða veðskuldabréf fyrir láninu til Rafmagnsveitunnar.

Mákinu vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Sigfús Sigurhjartarson óskaði, að hann hefði f.h. Sósíalista-flokksins, vísað til yfirlýsingar flokksins, sem bókað er í fundargerð bæjarstjórnarinnar frá 5. nóv. s.l., varðandi lántöku til hitaveitunnar, og lýst yfir því yfir, að hann og hans flokksmenn mundu ákveða á milli umræða um mál þetta, hvort þeir mundu sitja hjá við atkvæðagreiðslu eða greiða atjvæði gegn lántökunni.

Fundi slitið kl. 3.45.

Guðm. Ásbjörnsson. Valtýr Stefánsson. Gunnar Þorsteinsson.

Á. Jónsson. Guðrún Jónasson. Katrín Pálsdóttir. Soffía Ingvarsdóttir. Jakob Möller. H. Guðmundsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson. Einar Olgeirsson. Björn Bjarnason.

Ár 1943, fimmtudaginn 18. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-
- bæjarfulltrúar: Guðm. Ásbjörnsson, Guðrún Guðlaugsdóttir, Guðrún Jónasson, Gísli Guðnason, Gunnar Þorsteinsson, Valtýr Stefánsson, Helgi H. Eiríksson, Sigurður Guðnason, Sigfús Sigurhjartarson, Katrín Pálsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Steinþór Guðmundsson, Jakob Möller, Haraldur Guðmundsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar:

Brunabótavirðingargjörðir, 64 að tölu, er bærast bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagssins 18. nóv. voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 5. nóv. lögð fram.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra, í samráði við bæjarráð, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að næðraheimili bæjarins geti tekið við fæðandi konum á meðan fæðingardeild Landsspítalans er lokuð.

Samþ. að mæla með erindi þessu því, er um ræðir í 12. lið.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. nóv. 1943.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 12. nóv. lögð fram.

Katrín Pálsdóttir bar fram svohljóðandi tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir, að þriggja manna nefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverjum þeirra þriggja flokka, sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn, athugi bráðabirgðahúsnæði það, sem allmargar þess fjölskyldur dvelja nú í hér í bæ, og geri tillögur um nauðsynlegar umbætur á því.

12. liður tekinn af dagskrá.

Fundargerðin í heild, að undanteknum 12. lið, samþ. með
shlj. atkv.

Tillaga Katrínar Pálsdóttur samþ. með slhj. atkv.

Tillaga um að fela bæjarráði að velja menn í nefnd samkv.
þeirri tillögu var samþ. með slhj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 17. nóv. lögð fram.

Sigurður Guðnason fór af fundinum kl. 6, en Arnfinnur
Jónsson kom í hans stað.

Gunnar Þorsteinsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að láta innheimta hitaveitugjald samkv. væntanlegri gjaldskrá hjá sérhverjum notanda þess.

Tillögurnar í fundargerðinni voru samþ. með slhj. atkv.

Fulltrúar Sósíalístaflokksins óskuðu bókað, að þeir greiddu gjaldskrá hitaveitunnar atkvæði sem tilraunagjaldskrá, sem yrði endurskoðuð strax þegar nokkur reynsla væri fengin.

Tillögu Gunnars Þorsteinssonar var vísað til bæjarráðs
með slhj. atkv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. nóv. 1943.

VIII

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 13. nóv. lögð fram.

Tillögurnar í fundargerðinni voru samþ. með
shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 28. sept. lögð fram.

VIII. Tillaga um lántöku til Sogsvirkjunarinnar og Rafmagnsveitu
Reykjavíkur, 2. umr.

Sigfús Sigurhjartarson bar fram svohljóðandi til-
lögu:

Bæjarstjórn telur að sérstaða sú, sem Landsbankinn hefir meðal banka og sparisjóða landsins sé óeðlileg og óheppi-
leg, og beinir því til þingmanna Reykjavíkur að beita sér fyrir breytingum á Landsbanlalögunum í þá átt, að rétturinn til seðlaútgáfu verði falið sérstakri stöfnun og að bankaráðið verði á hverjum tíma skipað í samræmi við flokkaskipun á Alþingi.

Tillagan um lántöku samþ. með 11 shlj. atkv.

Tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar felld með ~~7:10~~^{7:4}=atkv.

IX. Tillaga um ~~me~~ bráðabirgðabreytingu á gjaldskrá Rafmagnsveit-
unnar.

X. Jón Axel Pétursson óskaði bókaða svofellda greinargerð við atkvæðagreiðsluna: (p.e. í 8. lið) .

Í trausti þess, að Landsbankinn tekur einnig að sér að ábyrgj-
ast sölu skuldabréfa við hóflegu verði þegar fjárhagur ein-
staklinga og fyrirtækja er verri en nú, greiði ég þessu atkvæði.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. nóv. 1943.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Þar sem sýnt þykir, að taxtahækkun sú, sem ráðgerð er í tillögum rafmagnsstjóra muni eingöngu verka sem verðhækkun á þessari nauðsynjavöru, en ekki draga úr notkun, og sökum hins lítt viðunandi ástands í rafmagnsmálum bæjarins fyrir allan almenning og þá alveg sérstaklega atvinnureksta^{ur}ur í bænum, samþykkir bæjarstjórn að leggja fyrir rafmagnsstjóra að athuga og gera tillögur um á hvern hátt best verði framkvæmd rafmagnsskömtun þar til stækkun Sogsvirkjunnarinnar er lokið.

Tillögur rafmagnsstjóra samþ. með 8:7 atkv.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar felld með 8:7 atkv.

Tillaga rafmagnsstjóra var svo hljóðandi :

A. Lýsing.

1. Við lið A 2. Seinni setning síðustu málsgreinar: "þá má selja" o.s.frv. falli niður.
2. Við A. 3. D. Liðurinn falli niður.
3. Við A. 4. Fyrsta málsgreinin, 12 auro verð utan ljósatíma, breytist í 25 auro verð.
4. Við A. 5. Síðari hluti málsgreinarinnar : "er samsvarar 600 stunda notkunartíma" o.s.frv.,falli niður.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

5. Við B. 2. 5 auro verð á hwh fyrir umframnotkun breytist í 12 auro verð.
6. Við B. 3. Fyrsta málsgrein orðist svo: Um einn hwh. mæli fyrir alla notkun á heimilinu, er greidd með 8 aorum á kwk. reiknað eons og undir gjaldskrárlið B. 2., en öll notkun umfram

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. nóv. 1943.

greiðist með 12 aorum á hverja kwk og auk þess skal greiða fastagjald, kr. 18 á ári á hvert íbúðarherbergi heimilisins.

7. Önnur málsgrein þröust svo: Selja má rafmagn til suðu, til veitingahúsa, gistiúsa og annara slíkra staða, sem ekki verða taldir heimili, á 8 aura hverja kwk., enda sé þá rafmagnið selt um sérmeið fyrir suðuna og engin herbergjahitun notuð. Leiga skal goldin af mælinum, en ~~ávottvæðing~~ herbergjagjaldið ekki reiknar.

8. Við B. 4. 1. málsgrein : Umframnotkun reiknis á 18 aura hver kwk. og breytist fyrsta málsgrein samkvæmt því.

9. Við B. 4. 2. málsgrein : "þar sem veruleg upphitun" o.s.frv. falli burtu.

D. Hitun,

10. Á undan D. 4. Skilyrði b breytist þannig : Í stað "kl. 10.45 f.m. til kl. 12 á hádegis (1 1/4 klst) og 2 klst. á eftirmiðdaginn á tímabilinu 3-7" komi : "til 10 f.m. til kl. 12 1/4 e.h. (2 1/4 klst.) og 3 klst. á eftirmiðdaginn á tímabilinu 3-8."

11. D. 4. A. Breytist þannig : Um tvígjaldsmæla á 12 aura á kwk. frá kl. 8 að morgni til 11 að kvöldi, en 2 aura á kwk. frá kl. 11 að kvöldi til kl. 8 að morgni.

12. D. 4. C. breytist þannig : Um venjulegan mæli á 7 aura á kwk. allan sólarhringinn og má sameina hitanotkunina heimilistaxta B. 2. á sama hátt og undir lið b. Eftir þessum lið verði ekki seld raforka öðrum en þeim sem þegar hafi hana.

12. Aftan við D liðinn bærast. Heimilt er rafmagnsstjóra að banna upphitun með raf rku, þar sem annarskonar hitunartæki eru fyrir

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. nóv. 1943.

Bæjarst

og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að því banni ~~veð~~ sé framfylgt.

Gjaldskrárliður H. breytist þannig að :

14. Í stað orðanna: "frá því sem nú er" í 1. og 2. línu fyrri málsgreinar komi: "frá því sem var, er síðasta gjaldskrárbreyting var samþykkt þ. 7. nóv. 1940.

XI.

15. Í stað orðanna: "sem nú er í þriðja flokki" í næst síðustu línu síðari málsgreinar, komi : sem verði 3. flokki þegar síðasta gjaldskrárbreyting var samþykkt þ. 7. nóv. 1940."

XII. F

Aftan við gjaldskrána komi:

16. Breytingar þær, sem gerðar eru á gjaldskránni frá því er samþykkt var þ. 7. nóv. 1943, eru bráðabirgðaákvæði sett vegna skorts á vélaafli og rafmagni, meðan þessi bráðabirgðaákvæði gilda, er óheimil öll færsla milli gjaldskrárliða, sem stafa kunna af breytingunum sjálfum..

Guðm. Á

Sigurðu

Jakob M

hjartar

Eiríkss

X. Kosning niðurjöfnunarnefndar.

Kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Sigurbjörn Þorkelsson

Gunnar Viðar

Björn Björnsson

Zóphonías Jónsson

Ingimar Jónsson

Varamenn kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Björn Snæbjörnsson

Einar Erlendsson

Einar Ásmundsson

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. nóv. 1943.

Steinþór Guðmundsson

Jón Brynjólfsson

Formaður nefndarinnar var tilnefndur án atkvæðagreiðslu

Gunnar Viðar.

XI. Fundargerð framfarslunefndar 4. nóv. lögð fram.

Fellt að verða við erindi því, sem um ræðir í

12. lið.

XII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 18. nóv. lögð fram.

Samþ. með slj. atkv. að taka málið á dagskrá.

Tillaga um að fresta upplestri og staðfestingu fund-
argerðar til næsta fundar samþ. með slj. atkv.

Fundi slitið kl. 7.50.

Guðm. Ásbjörnsson. Soffía Ingvarsdóttir. Jón Axel Pétursson.

Sigurður Guðnason. Stj. Guðmundsson. Gísli Guðnason. Árni Jónsson.

Jakob Møller. Björn Bjarnason. H. Guðmundsson. Sigfús Sigur-

hjartarson. Gunnar Þorsteinsson. Guðrún Jónasson. Helgi H.

Eiríksson.

Ár 1943, fimmtudaginn 2. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Gísli Guðnason, Gunnar Þorsteinsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Sigurður Guðnason, Jón Axel Pétursson, Soffía Ingvarsdóttir, Haraldur Guðmundsson, og Björn Bjarnason.

Áður en gengið var til ~~atkvæða~~ dagskrár var fundargerð síasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar.

Brunabótavirðingargerðir, 43 að tölu bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 24. nóv., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 26. nóv. lögð fram.

Tillagan í 14. lið samþ. með 7:3 atkv.

21. liður samþ. með shæj. atkv.

Umsóknin í 22. lið fékk ekki stuðning.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 16. nóv. lögð fram.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

2. des. 1943.

V. Fundargerð bæjarráðs 22. okt., 14. liður (Finnur V. Björnsson, veitingaleyfi).

Meðmæli með veitingaleufisbeiðninni. Samþ. með
shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs 12. nóv., 12. liður (Tónlistafélagið).
Málinu frestað.

VII. Frumvarp að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Fyrri umr.
Málinu vísað til síðari umr. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5½.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson. Jakob Möller. Árni Jónsson
Sigmundur Sigurhjártarson. Sigurður Guðmundsson. Soffía Ingvarsdóttir
Guðrún Jónasson. Gísli Guðnason. Gunnar Þorsteinsson. Stj. Guð-
mundsson. Jón Axel Pétursson. H. Guðmundsson. Björn Bjarnason.

Bæjarst.

haldinn

voru þá

bæjarfil

Guðlaug

Gísli G

son, Jón

Haraldu

I. F

II. F

III. F

IV. F

B

f

a

h

h

Ár 1943, fimmtudaginn 16. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Guðrún Guðlaugsdóttir, Árni Jónsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Þorsteinsson, Gísli Guðnason, Steinþór Guðmundsson, ~~Þéna=Þjáfnason~~ Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Matthías Guðmundsson, Vaetýr Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurður Guðnason, Sigfús Sigurhjartarson.

Þetta gerðist:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð bæjarráðs frá 3. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- III. Fundargerð bæjarráðs frá 10. des. lögð fram.
Tillaga í 9. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild aftur að 17. lið samþ. með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30. nóv. lögð fram.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin ályktar að fela yfirframslufulltrúa bæjarins, í samráði við borgarstjóra og húsaleigunefnd, að aðstoða við að beta og gera íbúðarhæft húsnæði það, sem húsaleigunefnd hefir úthlutað húsnæðislausu fólki, í húsnæði því, sem fengið hefir verið til bráðabirgða hjá setuliðinu.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

16. des. 1943.

Þegar um er að ræða efnalítið fólk, sem ekki hefir tæk á að framkvæma ^{/sjálft} nauðsynlegar umbætur, skal yfirframfærslufulltrúinn láta framkvæma verkið á kostnað bæjarins, en í öðrum tilfellum aðstoða við útvegum efnis og nauðsynlegra tækja, svo sem til þvotta og hreinlætis.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

- V. Frumvarp að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, síðari umræða.

Gunnar Þorsteinsson bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir, að breyta skuli innheimtufyrirkomulagi heitvatnsgjaldsins þannig, að gjaldið verði innheimt hjá notendum heitvatnsins, en ekki hjá húseigendum eða leigusala, eins fljótt og slíkt fyrirkomulag verður framkvæmanlegt og leggur áherzlu á að það geti orðið sem allra fyrst.
2. Meðan heitvatnsgjaldið verður innheimt hjá húseiganda eða leigusala, en ekki beint frá notanda þess, telur bæjarstjórn Reykjavíkur eðlilegt og nauðsynlegt, - til að fírra leigusala erfiðleikum og fjártöpum, - að sömu reglur og viðurlög gildi um greiðslu þess eða vangreiðslu, sem nú gilda um húsaleigu-greiðslur samkvæmt leigumálum eða venju, og væntir þess að Alþingi breyti núgildandi húsaleigulögum í samræmi við ályktun þessa.

Frumvarpið, með viðauka og fyrirvara um að það skuli aðeins gilda til bráðabirgða var samþ. með shlj. atkv.

Bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins óskuðu bókað, að þeir litu á

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

16. des. 1943.

gjaldskrá hitaveitunnar fyrst um sinn þar til reynsla er fengin um það hver hitakostnaður verður raunverulega samkvæmt henni. Greiða þeir atkvæði með gjaldskránni með þeim fyrirvara. -

Gjaldskráin verður færð inn í fundarbókina á eftir fundargerðinni.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 11. des. lögð fram.

Samþ. með samhljóða atkv. að taka málið á dagskrá.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 9. des. lögð fram.

VIII. Útsvarsmál.

1. Sigríður Halldórsdóttir, Vegam. 3. Samþ. að fella burtu útsvar hennar 1943, kr. 270.00.
2. Sigurður Jónsson, Garð. 33. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1943, kr. 100.00.
3. Hjalti Árnason, Sogamýrarbl. 42, Samþ. að lækka útsvar hans 1942 niður í kr. 500.00.
4. Ingi Hallbjörnsson, Karl. 3. Samþ. að lækka útsvar hans 1943 um kr. 500.00.
5. Gunnar Halldórsson, Bergþ. 27. Samþ. að lækka útsvar hans 1943 niður í kr. 1300.00.
6. Ingigerður Helgadóttir, Hverf. 40.
Erindinu synjað.
7. Jón Metúsalemsson, Njálsg. 33.B. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
7. Sverrir Kristjánsson Grett. 82. Samþ. að lækka útsvar hans 1943 niður í kr. 1000.00.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

16. des. 1943.

9. Magnús Ólafsson, Vesturvallag. 7. Samþ. að lækka útsvar hans
1943 niður í kr. 400.00.
10. Bragi Kristjánsson, Hringb. 158. Samþ. að lækka útsvar hans
1943 niður í kr. 200.00.
11. Guðmundur Guðmundsson, Bár. 29. Samþ. að lækka útsvar hans
1943 niður í kr. 2000.00.
12. Guðmundur Jónsson, Öld. 26. Samþ. að fella burtu útsvars-
skuld hans.
13. Eiríkur Leifsson, Sólv. 38. Samþ. að lækka útsvar hans
1943 niður í kr. 2000.00.
14. Óskar Björnsson, Ásv. 60. Erindinu synjað.
15. Db. Páls Sveinssonar. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld
dánarbúsins.
16. Pétur G. Steinsson, Fram. 29. Samþ. að lækka útsvar hans
1943 niður í kr. 1500.00.
17. Helgi Hannesson, Engihlíð. Erindinu synjað.
18. Compensation Trade Co. h/f. Samþ. að lækka útsvör fyrirtækis-
ins niður í kr. 100.00, fyrir hveort árið 1942
og 1943.
19. Guðmundur Kr. Þórðarson, Laug 70 B. Samþykkt að lækka útsvar
hans 1943 niður í kr. 900.00.
20. Ingólfur Sigurðsson, Miðtúni 26. Samþ. að lækka útsvar hans
1943 niður í kr. 1100.00.
21. Kristján F. Guðmundsson, Sólstöðum. Samþ. að lækka útsvar
hans 1943 niður í kr. 1800.00.

Bæjars

22.

23.

24.

25.

26.

27.

28.

29.

30.

31.

32.

33.

34.

35.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

16. des. 1943.

22. Daníel Jónsson, Flók. 12. Erindinu synjað.
23. Hjörleifur Zófóníasson, Grund. 2 A. Erindinu synjað.
24. Jónas Sigurðsson, Bráv. 8. Erindinu synjað.
25. Már Rækharðsson, Vífilsstöðum. Samp. að fella burtu útsvarsskuld hans.
26. Jónas G. Lárusson, Kirkjuveg 5. Samp. að fella burtu útsvarsskuld hans.
27. Hróbjartur Lúthersson, Austurbæjarskólanum. Samp. að fella burtu útsvarsskuld hans.
28. Ólafur S. Sigurðsson, Laug 24 C. Samp. að lækka útsvar hans 1943 niður í kr. 500.00.
29. Dósaverksmiðjan h/f.
Erindinu synjað.
30. Sæmundur Guðmundsson, Kirk. 2.
Erindinu synjað.
31. Valdimar K. Árnason, Vit. 9.
Erindinu synjað.
32. Guðlaugur Þórðarson, Lind 60. Samp. að fella burtu útsvarsskuld hans.
33. Ólafur Benediktsson, Túng. 43.
Erindinu synjað.
34. Ragnar Magnússon, Skarph. 14.
Erindinu synjað.
35. Páll Magnússon, Skarph. 14. Samp. að fella burtu útsvarsskuld hans.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

16. des. 1943.

36. Jóhann Hákonarson, Ásv. 10

Erindinu synjað.

37. Ragnar Kristjánsson, Hringbr. 48. Samþ. að lækka útsvar
hans 1943 niður í kr. 100.00.

38. Guðmundur Björnsson, Hraunteigi

Erindinu synjað.

39. Db. Sveinjóns Ingvarssonar. Samþ. að fella burtu útsvars-
skuld dánarbúsins.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.50.

Guðm. Ásbjörnsson. Björn Bjarnason. Stj. Guðmundsson. Matthias
Guðmundsson. Jón Axel Pétursson. Gunnar Þorsteinsson. Gísli
Guðnason. Guðrún Guðlaugsdóttir. Guðrún Jónasson. Helgi H. Eir-
íksson. Árni Jónsson.

Bæjarstj

Hitave

hafa v

Hitave

ar, í

í allt

stórir

markað

Gjald

a. Af

ins

4.6

hit

b. Auk

- s

í 4½ m

gjalda

álestu

6. des. 1943.

Bjajarstjórn Reykjavíkur.

16. des. 1943.

Gjaldskrá fyrir Hitaveitu

Reykjavíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið, eftir þeim reglum, sem settar eru á gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er líta má að nægi til fullrar hitunar á húsinu í allt að 15 C. stiga frosti, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Gjald fyrir notkun heita vatnsins ~~er~~ reiknast þannig :

a. Af hverju húsi skal greitt fast gjald miðað við hitaþörf hússins samkvæmt ákvörðun Hitaveitunnar. Nemur gjald þetta kr. 4.64 á mánuði fyrir hverja 1000 hitaeiningar, sem talið er að hitaþörfin sé á klst.

b. Auk þess greiðist fyrir vatnsnotkunina samkv. vatnsmæli kr. 0.68 - sextíu og átta aurar - fyrir hvern rúmmeter vatns.

4. gr.

Í 4½ mánuð að sumri til ber þó aðeins að greiða helming þeirra gjalda, sem ákveðin eru samkv. 3. gr., og miðast það tímabil við álestur á vatnsmæla sem næst 14. maí og 30. september.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

16. des. 1943.

5. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast biðhald þeirra.

Leiga fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotin og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði :

- | | |
|------------------------------|-----------|
| a. Fyrir mæla allt að 3/4" | kr. 3.00. |
| b. Fyrir mæla 1" og þar yfir | - 10.00. |

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. - 5. gr. verða krafín mánaðarlega þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum að sumri til.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningu um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaeddaga.

8. gr.

Hitaveitan hefir rétt til að loka aðrennsli heitavatnsins að húsi eða íbúð þess viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi sem vangreiðd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkyhha með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilunum veldur, kr. 15.00 hverju sinni.

Gjaldskrá fyrir
Hitaveitu Reykjavíkur.

9. gr.

Hitaveitan getur krafizt þess, að lokað verði fyrir rafmagn hjá þeim sem veldur vanskilum á hitaveitugjöldum, hvort sem vanskilin eru beint við hitaveituna eða óbeint.

Á sama hátt getur rafmagnsveitan krafizt þess, að lokað verði fyrir heitt vatn hjá þeim, sem skulda afnotagjöld rafmagns. Fyrirætlanir um líkanir skv. þessari grein, skal tilkynna með 5 daga fyrirvara.

10. gr.

Húseigendum er skylt að tilkynna Hitaveitunni þegar í stað ef þeir auka tölu hitaðra herbergja í húsum sínum.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við Hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-
mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar gegn misnotkun hitaveitunnar heita vatnsins.

12. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

Alyktunartillögur

frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins við fjárhagsáætlun 1943.

- I. Bæjarstjórnin samþykkir að stofna sérstakan framkvæmdasjóð í því skyni að meta öruggleikum komandi ára. Skal sjóðnum varið til öflunar og stuðnings nýrra framleiðslutækja - sjáð-arútvegs - iðnaðar - garðræktar, til þess að tryggja framtíðar atvinnu bæjarbúa. Í framkvæmdasjóð skal leggja allan stríðs-gróðaskatt, er kemur í hlut bæjarins. Sjóðinn má eigi skerða nema samkv. sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.
- II. Með tilliti til hinna stórfeldu framkvæmda, sem þegar eru hafnar og framundan bíða og óhjákvæmilegar eru vegna hins öra vaxtar bæjarins og þess, að rekstur bæjarfélagsins verður stöðugt af eðlilegum ástæðum umfangsmeiri, ályktar bæjarstjórnin að kjósa þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórn bæjarmálefna. Jafnframt skal nefndin taka til athugunar, hvort ekki sé tímabært að gera breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú gilda um álagningu skatta og útsvara til bæjarins.
- III. Þar sem sýnt er, að upphæð sú, sem taka verður með útsvörum á þessu ári, verður svo há, að ókleyft verður að jafna þeim réttlátlega niður ef bannað er að leggja útsvör á þann hluta tekna einstaklinga og fyrirtækja, sem er yfir 200 þúsund krónur, skorar bæjarstjórn á Alþingi að nema þetta ákvæði úr lögum. Jafnframt ályktar bæjarstjórn að beina því til

niðurjöfnunarnefndar, að haga niðurjöfnun útsvaranna svo, að verulegur hluti þeirra hvíli á eignaaukningu þeirri, sem orðið hefur síðan stríðið hófst.

- IV. Bæjarstjórnin samþykkir að koma á fót svo fljótt sem unt er fæðingarheimili fyrir Reykjavík, af þeirri stærð, að samtals verði rúm fyrir 40 - 50 sängurkonur á fæðingarstofnunum í bænum. Jafnframt skorar bæjarstjórn á þingmenn bæjarins að vinna að því á Alþingi, að ríkissjóður leggi fram styrk til byggingarinnar, eigi minni en venja er að veita til sjúkrahúsbygginga og felur borgarstjóra í samráði við bæjarráð að leita samninga við ríkisstjórn um að fæðingarheimilið verði reist á lóð Landsspítalans og rekið í sambandi við hann með sérskildum fjárhag, svo og um önnur atriði er varða framkvæmd í máli þessu.
- V. Bæjarstjórnin samþykkir að taka í sínar hendur rekstur kvikmyndahúsa í bænum og felur borgarstjóra og bæjarráði að leita samninga við núverandi eigendur kvikmyndahúsanna um kaup á þeim. Náist ekki viðunandi samkomulag um þetta efni felur bæjarstjórn borgarstjóra að fá lagaheimild til eignarnáms á næsta Alþingi. Varatillaga: Sættagjald hækki úr kr. 30.00 pr. sæti upp í kr. 150.00 pr. sæti.
- VI. Bæjarstjórnin samþykkir að taka í sínar hendur rekstur almenningsvagna í umdæmi bæjarins og felur borgarstjóra og bæjarráði að gera ráðstafanir til þess, að bærinn geti hafið þessa starfsemi sem allra fyrst. Jafnframt felur bæjarstjórn borgarstjóra að koma upp skýlum á aðalviðkomustöðum strætisvagnanna. Ennfremur að athuga um heppilegt fyrirkomulag almenningsferða milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og sérleyfisferðir til Þingvalla.

Alyktunartillögur:

VII. Vegna sívaxandi örðugleika barnaverndarnefndar á að útvega heppilega dvalarstaði fyrir börn, sem ráðstafa verður frá heimilunum, ákveður bæjarstjórn að setja á stofn og starfrækja upptökuheimili fyrir slík börn..

